



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félagsráðgjafardeild

BA-ritgerð

Einsemd eða ævintýr?

**Aðstæður og upplifun erlends vinnufólks á
íslenskum sveitabæjum**

Anna Ingibjörg Opp

Júní 2010

Umsjónarmaður: Guðný Björk Eydal

Leiðbeinandi: Edda Ólafsdóttir

Nemandi: Anna Ingibjörg Opp

Kennitala: 261184-3549

Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð byggist á eigindlegri rannsókn á aðstæðum og upplifun erlends farandverkafólks sem ræður sig tímabundið í vist á íslenskum sveitabæjum. Markmið rannsóknarinnar er að vekja athygli á þessum hópi fólks og sérstakri stöðu hans innan samfélagsins. Ritgerðin fjallar sérstaklega um íslenskt lagaumhverfi, vinnuaðstæður, samskipti við vistfjölskyldu og félagstengsl auk þess að velt er vöngum yfir aðkomu félagsráðgjafa að málaflokknum.

Rannsóknin fór fram með öflun fræðilegra heimilda og öflun gagna með fjórum eigindlegum djúpvíðtölum. Þar af voru tvö viðtöl við erlendar stúlkur í vist, eitt við stúlku sem hafði verið í vist en starfar nú sjálf sem bóndi og ræður til sín erlent verkafólk og annað viðtal við bóndahjón sem hafa áralanga reynslu af því að ráða til sín erlent fólk í vist.

Meðal helstu niðurstaðna rannsóknarinnar eru mikilvægi félagstengsla, vísbendingar um slæm vinnuskilyrði á borð við mikla vinnu, lág laun og svarta vinnu og skortur á þekkingu um sjúkratryggingar.

Helstu hugtök rannsóknarinnar eru: erlent vinnuafli, farandverkamenn, landbúnaður, vistráðning, félagstengsl, vinnuskilyrði, félagsráðgjöf.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
1. Inngangur	4
2. Skilgreiningar	6
3. Fræðilegur bakgrunnur og íslenskt lagaumhverfi	8
3.1 <i>Saga erlends landbúnaðarverkafólks</i>	8
3.2 <i>Aðstæður farandverkamanna</i>	9
3.2.1 <i>Aðstæður farandverkamanna á heimsvísu</i>	9
3.2.2 <i>Slæm aðstaða einangraðs erlends vinnuafls á Breiðdalsvík</i>	10
3.3 <i>Félagslegur stuðningur farandverkamanna</i>	10
3.4 <i>Fjöldi</i>	11
3.5 <i>Vinnumiðlun</i>	12
3.6 <i>Erlendir ríkisborgarar utan EES</i>	13
3.7 <i>Ríkisborgarar innan EES</i>	15
3.8 <i>Tryggingar</i>	16
3.8.1 <i>Slysatryggingar</i>	16
3.8.2 <i>Sjúkratryggingar</i>	17
3.9 <i>Svört vinna</i>	17
4. Félagsráðgjöf	20
4.1 <i>Siðareglur félagsráðgjafa</i>	20
4.2 <i>Vistfræðikenningar</i>	20
5. Aðferð	22
5.1 <i>Eigindlegar rannsóknir</i>	22
5.2 <i>Eigindlegar aðferðir</i>	23
5.3 <i>Val á rannsóknaraðferð</i>	23
5.4 <i>Þátttakendur</i>	24
5.5 <i>Gagnöflun og úrvinnsla</i>	25
5.6 <i>Siðferðilegir þættir rannsóknar</i>	26
5.7 <i>Takmarkanir rannsóknar</i>	26
6. Niðurstöður	28
6.1 <i>Aðdragandi að komu</i>	28
6.1.1 <i>Hvati vinnufólks</i>	28
6.1.2 <i>Hvati bóndans</i>	29
6.2 <i>Vinnan</i>	30
6.2.1 <i>Störf</i>	30
6.2.2 <i>Atvinnusamningar</i>	30
6.2.3 <i>Öryggi á vinnustað</i>	32
6.3 <i>Samskipti vinnufólks við vistfjölskyldu</i>	33
6.4 <i>Félagstengsl</i>	36
6.4.1 <i>Aðrir útlendingar</i>	37
6.4.2 <i>Íslendingar utan fjölskyldunnar</i>	38
7. Umræður	40
7.1 <i>Um erlent vinnuafli á íslenskum sveitabæjum</i>	40
7.2 <i>Vistráðning –aðdragandi og vinnumiðlun</i>	41
7.3 <i>Sjúkratryggingar</i>	42
7.4 <i>Vinnuaðstæður</i>	43
7.5 <i>Samskipti við vistfjölskyldu</i>	44

7.6 Félagstengsl vinnufólks	44
7.7. Aðgerðir félagsráðgjafa út frá vistfræðilegu sjónarhorni.....	46
7.7.1 Míkró.	46
7.7.2 Mesó.....	47
7.7.3 Makró.....	47
8. Lokaorð	50
Heimildir	53
Fylgiskjöl	57
Viðauki A	57
Viðauki B	58

1. Inngangur

Eftirfarandi ritgerð fjallar um erlent vinnufólk á íslenskum sveitabæjum.

Tilgangur rannsóknarinnar er að vekja athygli á og fræðast um aðstæður ungs erlends vinnuaflds sem kemur tímabundið til Íslands til að vinna í landbúnaði á sveitabæjum, býr hjá ókunnugum í dreifbýli og talar ekki íslensku við komu til landsins.

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í líf erlends fólks sem býr við landfræðilega einangrun, upplifun þess á aðstæðum sínum og hvernig því tekst til við að aðlagast slíku lífi. Ætlunin er að kanna félagslegan raunveruleika fólksins, hvaða merkingu það leggur í hann og að velta vöngum yfir mögulegri aðkomu félagsráðgjafa að málaflokknum. Að fræðast um aðstæður fólks sem er alla jafna ekki álitinn sérstakur hópur innan íslensks samfélags, vekja athygli á stöðu hans og kynna nýjan flöt á málefnum farandverkamanna á Íslandi. Sérstaklega verður litið til þátta tengdum vinnuskilyrðum og félagstengslum og upplifun einstaklinganna á þeim.

Koma landbúnaðarverkafólks frá Þýskalandi um miðja 20. öld hefur verið rannsökuð en sú athugun leiddi meðal annars í ljós að stór hluti fólksins var flóttafólk vegna seinni heimsstyrjaldarinnar (Pétur Eiríksson, 2008) og er því tæplega um samanburð við nútímaaðstæður að ræða. Eftir því sem höfundur kemst næst hafa hvorki núverandi aðstæður erlends vinnufólks á íslenskum sveitabæjum verið rannsakaðar né athygli verið beint að mögulegum úrbótum mála fyrir þann hóp fólks og er því um frumrannsókn að ræða.

Rannsóknarspurningarnar eru: *Hverjar eru aðstæður og upplifun erlends vinnufólks á íslenskum sveitabæjum?* og *Hvernig geta félagsráðgjafar komið að málefnum þeirra?*

Fyrri spurningin felur í sér fyrirgretnslan um ástæður þess að bændur ráða til sín erlent vinnufólk, hve algengt það sé og sérstöðu fyrirkomulagsins það er spurningar um vinnu- og heimilisaðstæður auk spurninga um samskipti við atvinnuveitendur og persónulega upplifun og líðan verkafólksins. Seinni spurningin tekur til aðkomu félagsráðgjafa að málefnum þessa hóps, hvort hennar sé þörf og hvernig henni væri í því tilfalli best háttað.

Aðdragandi að rannsókninni var nokkuð langur og kviknaði áhugi rannsakanda á aðstæðum erlends vinnufólks í landbúnaði áður en nám hans í félagsráðgjöf hófst. Móðir rannsakanda er af erlendum uppruna og starfaði hún sem ung stúlka í íslenskri sveit við svipaðar aðstæður og efni rannsóknarinnar tekur til. Árið 2004 kynntist rannsakandi fyrir tilviljun tiltölulega stórum hópi af erlendu vinnufólki í sveit þar sem það hittist reglulega á kaffihúsi á Suðurlandi. Fyrir þekkti rannsakandi nokkuð af erlendu vinnufólki í landbúnaði en hópurinn á kaffihúsinu varð til þess að höfundur gerði sér grein fyrir því að um mjög stóran hóp fólks var að ræða sem bjó og starfaði við mjög misjafnar aðstæður. Flestir höfðu frá bæði góðu og slæmu að segja en inni á milli voru einstaklingar sem bjuggu við algerlega óþolandi aðstæður á borð við einelti af hálfu atvinnuveitenda, ráðríki sem náði yfir frítíma vinnufólksins, vangreidd laun, svarta vinnu og skort á sjúkratryggingum. Varð það til þess að höfundur fór að velta fyrir sér stöðu erlends vinnufólks sem býr með atvinnuveitendum sínum og þá sérstaklega með tilliti til þess hve varnalaust það virtist gagnvart illri meðferð af hálfu atvinnuveitanda sinna ef svo bar undir.

Rannsókn þessi er framkvæmd með eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem þær aðferðir þykja hentugar til að vekja athygli á stöðu jaðarhópa og veita þeim rödd (Ragin, 1994). Rannsóknaraðferðirnar felast í því að tekin eru djúpvíðtöl til að fræðast um upplifun viðmælenda á aðstæðum sínum og þau gögn greind með kóðun. Víðtöl voru tekin við fjóra aðila, þar af tvær stúlkur sem á tíma viðtalanna voru í vist, eina sem hafði verið í vist en var á tíma viðtalsins sjálf orðin bóndi sem réð erlendar vinnukonur til sín og bóndahjón sem höfðu áralanga reynslu af vistráðningu erlends fólks. Auk þess var fræðilegra heimilda aflað og þær bornar saman við niðurstöður rannsóknarinnar í lok ritgerðarinnar. Uppsetning ritgerðarinnar er í grófum dráttum eftirfarandi: í fyrstu er hópurinn sem rannsóknin tekur til skilgreindur, því næst er gerð grein fyrir fræðilegum heimildum um aðstæður farandverkafólks, umfangi málaflokks, lagalegum aðstæðum og svartri vinnu. Síðan er fjallað um félagsráðgjöf og svo eigindlegar aðferðir rannsóknarinnar. Þá er gert grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar sjálfrar og í lokin er rætt um þær í samhengi við fræðileg gögn ritgerðarinnar.

2. Skilgreiningar

Rannsóknin snýr að þeim hópi fólks sem í sveitum hefur verið kallað útlenskt vinnufólk. Hér er átt við erlenda einstaklinga sem koma til landsins með það í hyggju að starfa og búa meðal Íslendinga í landbúnaði og halda aftur til heimalands eftir fyrirfram ákveðinn tíma. Ekki er átt við einstaklinga sem ráða sig fyrst og fremst í barnagæslu eða til heimilisstarfa. Yfirleitt er um að ræða ungt fólk á aldrinum 18-30 ára sem ekki hefur enn komið sér upp fjölskyldu, starfsframa eða fjárhagslegum skuldbindingum í heimalandi sínu. Fólkið hefur litla ef nokkra íslenskukunnáttu. Þessir einstaklingar koma ekki í hópum samlanda sinna eða flytjast í verbúðir í nýja landinu heldur búa á heimilum atvinnurekenda sinna sem þeir þekkja ekki fyrir komuna til landsins. Það fyrirkomulag að búa með atvinnurekendum sínum felur í sér mikla sérstöðu þar sem fólkið er í mun meiri og nánari samskiptum við atvinnuveitendur sína en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Rannsókn þessi styðst við tölur Hagstofu Íslands (2006) um fólk sem starfar í landbúnaði en sjaldgæft er að fólkið sem hér um ræðir vinni eingöngu landbúnaðarstörf þótt það flokkist þannig í opinberum gögnum. Algengt er að hluti starfs felist einnig í heimilisstörfum og tilfallandi verkefnum.

Útlendingur telst í skilningi laganna sá sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt (Lög um útlendinga nr. 96/2002) en það er of víð skilgreining á hópnum sem um ræðir. Reginmunur er á hugtökunum innflytjandi og farandverkamaður. Innflytjandi er sá sem ætlar sér að setjast að í nýju landi til langframa og hefur vilja til að tilheyra nýju landi og þjóð. Farandverkamaður er aftur á móti einstaklingur sem tímabundið flyst í annað land í atvinnuskyni en ætlar sér ekki að setjast að í atvinnulandinu (Þingskjal 369, 1999-2000). Farandverkamenn eru í víðri skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna þeir sem þiggja laun, hafa þegið laun eða munu þiggja laun fyrir starf í öðru landi en því sem þeir tilheyra að ríkisborgararétti (Sameinuðu þjóðirnar, 1990) og þykir sú skilgreining einnig heldur víðtæk. Segja má að fólkið sem rannsóknin tekur til sé ákveðinn sérhópur innan flokks farandverkamanna sem hafi þá sérstöðu að vera að óvenju miklu leyti upp á atvinnuveitendur sína kominn.

Í eftirfarandi ritgerð verður hugtakið vistráðning eða það að vera í vist notað um það að ráða sig til vinnu á sveitabæ þar sem hinn vistráðni býr hjá atvinnuveitanda sínum og tekur þátt í daglegu lífi og störfum á bænum.

Erlendir ríkisborgarar frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins eru EES-borgarar og ríkisborgarar frá löndum sem tilheyra stofnsamningi Fríverslunar-samtaka Evrópu eru EFTA-borgarar. Íslenskt lagaumhverfi gerir ráð fyrir sérstökum réttindum EES- og EFTA borgara hérlendis varðandi búsetu og atvinnu. Þó hafa ríkisborgarar Rúmeníu og Búlgaríu ekki aðgang að þeim réttindum til ársbyrjunar 2012 þrátt fyrir að tilheyra EES (Lög um útlendinga). Sviss er eina EFTA-ríkið sem er ekki einnig EES-ríki og til einföldunar verður í eftirfarandi ritgerð rætt um þau ríki sem falla undir ákvæði fyrrnefndra sérsamninga sem EES-ríki. Þau ríki eru þá eftirfarandi: Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Stóra Bretland, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

3. Fræðilegur bakgrunnur og íslenskt lagaumhverfi

Í eftirfarandi kafla verður gert grein fyrir heimildum og lögum sem eru rannsóknarefninu viðkomandi. Áberandi var við gagnaöflun hve lítið er til af fræðilegum heimildum sem eiga við um nákvæmlega þann hóp sem rannsóknin tekur til. Fjallað verður stuttlega um sögu málaflokksins á Íslandi, slæma meðferð á erlendu vinnufólki og mikilvægi félagstengsla, lýðfræðilegar upplýsingar, vinnumiðlun, lagalegt umhverfi á Íslandi og svarta vinnu.

3.1 Saga erlends landbúnaðarverkafólks

Um miðja 20. öld var farið að bera mikið á vinnuafllsskortu í sveitum landsins og stakk Búnaðarfélag Íslands þess vegna upp á því að flytja inn erlent verkafólk til að mæta þeirri þörf. Erfiðlega gekk að ráða Íslendinga í sveitastörfin og gott var fyrir bændur að geta borgað útlendingunum mun lægra kaup en Íslendingum. Svo varð úr að sérstök sendinefnd fór frá Íslandi til að hafa upp á ákjósanlegu vinnuafli í Lübeck í Þýskalandi. Upphaflega stóð til að verkafólkið yrði heilsuhraustir einstæðingar á aldrinum 30-40 ára frá Norður-Þýskalandi en talsvert var þó um að viðmiðunum var ekki fylgt eftir við ráðningu þar ytra. Flest var fólkið bláfátækt og talsverður hluti hópsins sem á endanum kom var flóttafólk vegna seinni heimsstyrjaldarinnar. Því má leiða líkur að því að mikið til hafi það verið aðstæður fólksins sem ráku það í förina til Íslands. Atvinnusamningurinn hljóðaði upp á frítt far til landsins í tímabundna vist með fæði og húsnæði auk launa en skilyrði var að einungis mátti starfa við landbúnað. Bretar sem hernámu þann hluta Þýskalands sem ráðið var úr settu þau skilyrði fyrir leyfisveitingu brottfarar að fólkið yrði sjúkratryggt og komið yrði upp sérstökum dómsstól í deilumálum milli þess og atvinnuveitenda þeirra. Þegar á hólminn var komið í ráðningarferlinu sóttu mun fleiri karlmenn en konur um vinnu (andstætt vonum Íslendinga) og greip íslenska sendinefndin meðal annars til þess ráðs að spinna upp fréttir í þýskum fjölmiðlum um mikinn fjölda umsókna til að lokka fleiri konur til umsóknar (Pétur Eiríksson, 2008). Svo varð úr að árið 1949 komu 314 manns frá Þýskalandi, þar af voru þrjár fjórðu konur og settust sumir þeirra að á Íslandi til langframa („60 ár frá komu“, 2009).

Samkvæmt Pétri Eiríkssyni var upplifun fólksins af vistinni á Íslandi misjöfn en margir þeirra sem hann ræddi við nefndu að þeim hafi þótt einangrunin í sveitunum erfið auk þess sem heimildir bentu til þess að vinnufólkið hafi verið látið vinna mun meira en kvað á um í vinnusamningum þeirra. Jákvætt þótti mörgum að engin stéttaskipting virtist vera á Íslandi og hve mikill matur var í boði en á þeim tíma var mjög naum matarskömmun í Þýskalandi og hafði verið í fjölda ára. Þýskt vinnufólk sem bjó nálægt hvert öðru reyndi að hittast og eitthvað var um að haldin voru sérstök þýsk böll á Selfossi. Tæplega helmingur verkafólksins settist hér að þótt það hafi eflaust ekki verið upphafleg ætlan flestra. Af upprunalega hópnum var einnig einhverjum vísað úr landi vegna vanefnda á samningi og þá helst ef fólk reyndi að verða sér úti um vinnu við annað en landbúnaðarstörf (Pétur Eiríksson, 2008).

Karl Steinar Guðnason tekur það fram í þingsályktunartillögu sinni frá árinu 1980 um málefni farandverkafólks, að erlent farandverkafólk starfi einnig við landbúnað. Tillagan fjallar að mestu leyti um ömurlegar aðstæður sumra útlendinga í verbúðum og skammarlega lítið upplýsingaflæði til fólksins. Meðal annars hafi vegna misskilnings komið upp sú staða að erlendir verkamenn hafi verið tvískattaðir og illa gengið að fá þau mistök leiðrétt. Karl telur í ræðu sinni brýnustu nauðsyn að bæta upplýsingaflæði til farandverkafólksins þar sem það sé illa upplýst um réttindi sín og skyldur (Þingskjal 140, 1980).

3.2 Aðstæður farandverkamanna

3.2.1 Aðstæður farandverkamanna á heimsvísu. Rannsókn á vegum

Alþjóðavinnuálastofnunar bendir til þess að árið 2010 séu um 105 miljónir farandverkamanna í heiminum. Bendir sú rannsókn til þess að mikið vanti upp á vernd farandverkamanna og mannréttindi þeirra. Þeir eigi á hættu að sinna störfum við hættulegar vinnuaðstæður, fá lág laun eða laun þeirra séu vangoldin, mikinn skort á félagslegu öryggi auk þess að verða fyrir fordómum og mismunun (Alþjóðavinnuálastofnun, 2010).

3.2.2 Slæm aðstaða einangraðs erlends vinnuafis á Breiðdalsvík. Haustið 2008 birtust nokkrar greinar í fjölmiðlum sem fjölluðu um ömurlegar aðstæður þýskrar vinnustúlku sem hafði verið í vist á Café Margréti í Breiðdalsvík árið 2005 en vitað var til þess að enn væru erlendar vinnustúlkur á þeim stað. Stúlkan kvaðst hafa komið til landsins í þeirri trú að um léttu fjögurra tíma vinnu á dag væri að ræða en raunin hafi síðan orðið minnst átta tíma vinna daglega fyrir 5.000 krónur á viku eða 20.000 krónur á mánuði með fæði og húsnæði. Auk þess hafi verið ætlast til þess að vinnufólk væri ávallt til taks, þó að um frídag þess væri að ræða. Vitni sem kvaðst hafa séð vistarverur vinnufólksins sagði herbergi stúlkanna vera kringum tólf fermetra fyrir fimm stúlkur saman. Vert er að nefna að stúlkan sem fjölmiðlar ræddu við var of hrædd við fyrrverandi atvinnuveitendur sína til að koma fram undir nafni auk þess sem vitað var til þess að ættingjar annars vinnufólks hefðu komið erlendis frá til að ná í stúlkur úr vist á kaffihúsinu (Freyr Rögnvaldsson, 2008; „Stimpingar“, 2008).

Þó að í þessu tilfelli hafi ekki verið um að ræða störf í landbúnaði þá voru aðstæður stúlkunnar að því leyti sambærilegar við stöðu erlends vinnuafis á sveitabæjum að um var að ræða tímabundna atvinnu í dreifbýli þar sem viðkomandi bjó á vegum atvinnuveitanda síns og var honum að miklu leyti háður. Vinnufólkið var ungt, erlent og án þess stuðningsnets sem flest fólk býr almennt að í heimahögum sínum. Því virðist sem atvinnuveitandinn hafi notfært sér viðkvæma stöðu vinnufólksins og farið illa með það.

3.3 Félagslegur stuðningur farandverkamanna

Vísindalegar rannsóknir á félagstengslum farandverkamanna eru eftir bestu vitund rannsakanda sjaldgæfar og flestar þeirra asískar. Wong og Leung (2008) gerðu rannsókn á tengslum félagslegs stuðnings við geðheilsu innlendra farandverkamanna í Shanghai í Kína. Innlendir farandverkamenn eru verkamenn sem flytjast innanlands í atvinnuleit en í Kína er staða þeirra að nokkru leyti sambærileg eða verri en staða erlendra farandverkamanna á Íslandi, eiga þeir ekki rétt á sjúkratryggingu eða lífeyri, fá lág laun og búa oft við bágar aðstæður. Rannsóknir benda til þess að svokölluð búferlaflutningsstreita sé áhættuþáttur fyrir slæmri geðheilsu meðal farandverkamanna. Tungumálaörðugleikar,

mismunun, missir félagslegs tengslanets og félagslegrar stöðu, menningarmismunur og léleg búsetuskilyrði teljast til búferlaflutningsstreitu (Wong og Leung, 2008).

Samkvæmt Wong og Leung (2008) hafa rannsóknir sýnt fram á jákvæð áhrif félagslegs stuðnings á geðheilsu farandverkamanna. Komust þau í rannsóknnum sínum að þeirri niðurstöðu að félagslegur stuðningur dragi úr áhrifum búferlaflutningsstreitu sem aftur dragi úr neikvæðum áhrifum á geðheilsu farandverkakvenna. Geðheilsa karlkyns farandverkamanna varð hins vegar frekar fyrir jákvæðum áhrifum af efnislegum stuðningi og töldu rannsækendur það eiga rætur sínar að rekja til menningar þeirra sem gerði kröfur til karlmanna um að sjá fjölskyldum sínum farborða.

Choi og Choi (2005) gerðu rannsókn á erfiðleikum sem farandverkamenn í Kóreu upplifðu. Komust þeir meðal annars að þeirri niðurstöðu að félagsleg stuðningsnet hefðu jákvæð áhrif á aðlögun á vinnustað. Auk þess hefðu nán tengsl við heimamenn mikið að segja um farsæla aðlögun í nýju landi.

Niðurstöður þessara asísku rannsókna benda því til mikilvægi félagslegs stuðnings fyrir farandverkamenn.

3.4 Fjöldi

Undanfarinn áratug hefur orðið mikil fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi og á íslenskum vinnumarkaði. Hagstofa Íslands birtir ýmis gögn tengd vinnumarkaði og þeirra á meðal eru tölur um fjölda erlendra ríkisborgara í mismunandi atvinnugreinum landsins. Tölurnar eru allar námundaðar að næsta tug og því ekki mjög nákvæmar en engu að síður gagnlegar.

Árið 2005 voru um það bil 4.020 manns við vinnu í landbúnaði samkvæmt staðgreiðsluskrám, þar af voru 270 með erlent ríkisfang eða tæplega 7% samanborið við tæplega 6% árið áður og um 3% árið 1998 (Hagstofa Íslands, 2006). Tölurnar ná því yfir erlent vinnuafl sem skráð er í vinnu en ekki þá sem starfa óskráð og ólöglega. Sömuleiðis er vert að hafa í huga að hér er ekki gerður greinamunur á erlendum ríkisborgurum sem dveljast til skamms tíma og þeim sem sest hafa að á landinu og teljast innflytjendur. Því ætti að gera ráð fyrir því að einhver hluti fjöldans komi til vegna innflytjenda sem hafa ekki fengið íslenskt

ríkisfang. Engu að síður má gera ráð fyrir því að um töluverða aukningu farandverkamanna í landbúnaði sé að ræða á seinustu árum.

Þegar dreifing erlendra ríkisborgara við landbúnaðarstörf er skoðuð eftir landshlutum kemur í ljós að langflestir þeirra eru skráðir á Suðurlandi á árunum 1998 til 2005 (120 manns árið 2005) sem kemur heim og saman við þá staðreynd að í þeim landshluta eru einnig fleiri Íslendingar skráðir við landbúnaðarstörf en í öðrum landshlutum. Fæstir útlendingar eru skráðir á Vestfjörðum eða enginn á árunum 1998-2005 þrátt fyrir að fæstir Íslendingar séu skráðir í landbúnað á Suðurnesjum. Kynjaskipting meðal fólksins er á þann veg að á árunum 1998-2005 voru alltaf fleiri konur skráðar en karlmenn. Sá munur er markverður en ekki yfirgnæfandi þar sem hlutfall kvenna af heildinni var yfirleitt á bilinu 55-65% (Hagstofan, 2006).

Á þessu má sjá að hlutfall erlendra ríkisborgara hefur farið hækkandi á árunum 1998-2005 og var komið upp í sjö prósent af skráðu heildar vinnuafli í íslenskum landbúnaði við lok þess tímabils. Flestir þeirra voru skráðir á Suðurlandi í samræmi við almennt mikinn landbúnað í þeim landshluta og konur voru í meirihluta (ítarlegri tölur sjá viðauka B).

3.5 Vinnumiðlun

Nokkrar leiðir eru fyrir fólk til að verða sér úti um vinnu á íslenskum sveitabæjum erlendis frá. Meðal þeirra eru auglýsingar, kunningsskapur og vinnumiðlanirnar EURES og Nínukot.

EURES er gjaldfrjáls vinnumiðlun á vegum Evrópusambandsins sem miðlar störfum í löndum Evrópusambandsins, EES og Sviss. Vinnumiðlunin veitir einnig upplýsingar um atriði sem þarf að hafa í huga við flutning milli landa á borð við skattamál og almannatryggingar í nýja landinu (EURES, e.d.-a). Vinnumiðlunin býður upp á heimasíður á 25 tungumálum og geta áhugasamir auðveldlega skoðað lausar stöður í öðrum löndum og búið til ferilskrá sem vinnuveitendum í ráðningarhug eru gerð aðgengileg (EURES, e.d.-b). Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi útlendinga er EURES vinnumiðlunin farin að gegna æ mikilvægara hlutverki við að útvega íslenskum fyrirtækjum erlent vinnuafli (Vinnumálastofnun, 2006).

Nínukot er íslensk vinnumiðlun sem miðlar meðal annars milli íslenskra atvinnurekenda og erlendra ríkisborgara EES landa utan Búlgaríu og Rúmeníu. Þau störf sem Nínukot miðlar eru í landbúnaði, þjónustu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og við barnagæslu (au pair) og búa launþegarnir yfirleitt hjá íslenskum fjölskyldum sem einnig eru atvinnurekendur þeirra. Störfin eru auglýst sem ævintýri og góð leið til að kynna landi og þjóð út frá sjónarhóli innfæddra (Nínukot, e.d.).

Auglýsingar sem bæði atvinnurekendur og atvinnuleitendur setja sjálfir í blöð eða á Internetið eru annar möguleiki auk þess sem kunningskapur er síður en svo óþekkt aðferð við að verða sér út um vinnu á Íslandi. Dæmi um slíkt er þegar Íslendingar búsettir erlendis koma á samskiptum milli kunningja sinna þar í landi og ættingja á Íslandi.

Erlendir ríkisborgarar sem hafa hug á að flytjast tímabundið til Íslands til að lifa og starfa í sveit hafa því um nokkra misformlega möguleika að velja til að verða sér úti um vistráðningu.

3.6 Erlendir ríkisborgarar utan EES

Erlendir ríkisborgarar sem hafa í hyggju að flytja tímabundið til Íslands í atvinnuskyni eiga misgreiðan aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Eftirfarandi kafli fjallar um aðgengi þeirra sem koma frá ríkjum sem ekki hafa sérstaka milliríkjasamninga um atvinnumarkaði við Ísland.

Útlendingur sem ætlar að ráða sig í vinnu á Íslandi sem ekki telst sérfræðistarf né íþróttamennska og kemur frá landi sem ekki er sambandsaðili Evrópska efnahagssvæðisins (EES-ríki) þarf bæði að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli. Meðal skilyrða fyrir slíkri leyfisveitingu er að fólk finnst ekki í starfið í ESS-ríkjum (9. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002; 12. gr. Laga um útlendinga; Útlendingastofnun, e.d.-a). Því er nokkuð ljóst að erfitt er fyrir erlenda ríkisborgara utan EES að fá dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi þar sem ólíklegt er að ekki finnst vinnuafli innan EES til að manna störf á Íslandi sem ekki teljast sérfræðistörf.

Umsókn um dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli þarf að berast áður en umsækjandi kemur til landsins (10. gr. Laga um útlendinga). Auk þess þarf

viðkomandi að hafa hér á landi tryggt húsnæði, framfærslu og sjúkratryggingu og verður viðkomandi að leggja fram skjöl því til sönnunar (42. gr.; 43. gr.; 44. gr. Reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003). Dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli er einungis veitt í afmarkaðan tíma háð vinnusamningi og atvinnuleyfi og má einungis endurnýja það einu sinni. Einstaklingur sem sækir um endurnýjun getur að hámarki dvalist hérlandis í tvö ár. Eftir þann tíma þarf viðkomandi að vera erlendis næstu tvö árin áður en hann getur að nýju sótt um slíkt dvalarleyfi (9. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga; 12. gr. Laga um útlendinga).

Erlendum ríkisborgurum utan EES er því gert erfitt um vik að flytjast til landsins á grundvelli atvinnu og eru þeim settar strangar takmarkanir varðandi lengd dvalar hérlandis.

Þegar sótt er um dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli þarf einnig að sækja um atvinnuleyfi (33. gr. Reglugerðar um útlendinga). Gildistími bæði atvinnu- og dvalarleyfis er háður ráðningartíma atvinnusamnings. Leyfin eru veitt að hámarki í eitt ár en hægt er að sækja um framlengingu í eitt ár til viðbótar (9. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga; Útlendingastofnun, e.d.-a). Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfisins eru að útlendingnum séu tryggð starfskjör og laun í samræmi við íslenska kjarasamninga auk þess sem atvinnurekandi þarf að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn fyrstu sex mánuðina sem viðkomandi dvelst hér á landi eða þar til hann telst sjúkratryggður á Íslandi (7. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga; Útlendingastofnun, e.d.-a; 10. gr. Laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008). Því þarf að skipuleggja vel og allt fyrirkomulag að vera á hreinu áður en komið er til landsins.

Árið 2005 var gefin út reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga og í kjölfar þess var verkferlum Vinnuálastofnunar breytt á þann veg að ríkisborgarar EES-landa voru settir í forgang um atvinnu. Umsóknum útlendinga utan EES um atvinnuleyfi hefur frá þeim tíma að öllu jöfnu verið hafnað (Vinnuálastofnun, 2006). Sé umsókn um atvinnuleyfi hafnað mega viðkomandi einstaklingur og atvinnurekandi í sameiningu kæra ákvörðunina til Félagsmálaráðuneytis (34. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga). Samkvæmt Vinnuálastofnun (2006) er talsvert um að einstaklingar nýti sér þann rétt en gögn Réttarheimildar bera vitni um að allar slíkar kærur hafi á árunum 2005 til

2009 leitt til annaðhvort frávísunar vegna útrunnins kærufrests eða staðfestingu á synjun Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, e.d.). Því hefur engin slík kæra á seinustu árum borið árangur fyrir kærendur. Dæmi má sjá í úrskurði frá apríl 2007 (Félagsmálaráðuneytið, 2007) sem staðfestir synjun Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir erlendan ríkisborgara utan EES. Er meðal annars vísað til þess að ekki hafi verið fullreynt að ráða í starfið einstakling EES-ríkis þar sem atvinnurekandinn hafi ekki notað vinnumiðlunina EURES sem miðli á Evrópska efnahagssvæðinu.

Af þessu má ráða að erlendum ríkisborgurum utan EES sem ætla hingað til lands sem farandverkamenn sé það nær ómögulegt eftir löglegum leiðum og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu íslenskra stjórnvalda um að veita ríkisborgurum EES-landa forgang að íslenskum vinnumarkaði umfram aðra erlenda ríkisborgara. Má því ætla að séu vistráðnir útlendingar frá löndum utan EES hér á landi, þá séu þeir óskráðir.

3.7 Ríkisborgarar innan EES

Samkvæmt lögum um útlendinga er ríkisborgurum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og stofnríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), að undanskyldum Búlgörum og Rúmenum til ársbyrjunar 2012 (hér eftir EES-ríki), heimilt að dvelja á Íslandi án sérstakra landvistarleyfa í allt að sex mánuði séu þeir í atvinnuleit auk þess sem viðkomandi má dvelja og vinna hérlendis í þrjá mánuði án sérstakra leyfa. Ætli útlendingur að dveljast lengur en þrjá mánuði í atvinnuskyni þá er honum skylt að skrá það hjá Þjóðskrá og þarf þá að framvísa atvinnusamningi (35., 36. gr. og ákvæði til bráðabirgða í Lögum um útlendinga; 69. gr. Reglugerðar um útlendinga; Útlendingastofnun, e.d.-b; Þjóðskrá, e.d.-a). Þeir sem hyggjast dvelja og starfa innan við þrjá mánuði hérlendis eiga einnig að skrá sig hjá Þjóðskrá til að fá úthlutað kennitölu en skrá ekki fasta búsetu á Íslandi (Þjóðskrá, e.d.-c). Eru þeir þá á utangarðsskrá og aflu sér ekki réttinda innan félagslega tryggingakerfisins (Magnús M. Norðdahl, 2006). Af þessu mætti draga þá ályktun að eftir ákveðinn tíma þyrftu EES-borgarar að sækja um dvalarleyfi en það er ekki raunin, einungis þarf að fylla út eyðublað hjá Þjóðskrá

Þess efnis að skrá fasta búsetu og sækja um kennitölu og votta með því framfærslu sem oftast er í formi atvinnusamnings (Fjölmenningarsetur, e.d.-c; Þjóðskrá, e.d.-a).

EES- borgarar þurfa ekki atvinnuleyfi til að starfa á Íslandi (22. gr. Laga um atvinnuréttindi útlendinga). Einu kröfurnar eru þær að viðkomandi útlendingur skrái sig inn í landið hjá Þjóðskrá og hafi með sér vottorð um vinnu (Þjóðskrá, e.d.-a; Þjóðskrá, e.d.-b).

Ætli Norðurlandabúi að flytjast til Íslands í atvinnuskyni einfaldast málið enn frekar. Danir, Svíar, Norðmenn og Finnar geta dvalist á Íslandi án dvalarleyfis, óháð áætlaðri tímalengd dvalar (8. gr. Laga um útlendinga) og eru undanskyldir kröfu Þjóðskrár um staðfestingu á atvinnu við skráningu í landið. Þurfa þeir því einungis að tilkynna um flutning sinn til landsins. Norðurlandabúum er því gert mjög auðvelt að búa og starfa á Íslandi.

Á þessu má sjá að þegnar EES-ríkja eiga mun greiðari aðgang að Íslandi og íslenskum atvinnumarkaði en ríkisborgarar annarra landa auk þess sem Norðurlandabúum er gert sérstaklega auðvelt að flytjast til landsins. Endurspeglast það einnig í tölulegum upplýsingum Útlendingastofnunar (sjá viðauka A) en í þeim sést greinilega mikil fjölgun í veitingu dvalarleyfa til EES-borgara á árunum 2006 og 2007 (Útlendingastofnun, e.d.-c).

3.8 Tryggingar

3.8.1 Slysaftryggingar. Launþegar eru slysaftryggðir á vinnutíma sínum hvort sem þeir hafa íslenskt ríkisfang eða erlent. Slysaftryggingin nær einnig yfir matartíma og ferðir til og frá vinnu fólks. Slys teljast í þessu samhengi líkamlegur skaði sem fólk verður fyrir án þess að vilja það (27. og 29. gr. Laga um almannaftryggingar nr. 100/2007). Verði fólk fyrir slysi á vinnutíma getur það fengið slysabætur í formi dagpeninga, dánarbóta (greiddar til ættingja eða dánarbús), sjúkrahjálpar og öryrkjubóta (31. gr. Laga um almannaftryggingar). Forsenda þess að einstaklingar séu slysaftryggðir á vinnutíma er að þeir séu í skráðri vinnu, sé fólk að vinna á svörtum markaði er það ekki slysaftryggt.

3.8.2 Sjúkratryggingar. Samkvæmt Sjúkratryggingum Íslands (e.d.-b) felast sjúkratryggingar í því að greiða lægra gjald fyrir ýmsa þjónustu innan heilbrigðisgeirans á borð við lækniþjónustu, þjálfun og lyf.

Í rauninni skiptir ekki máli hvort ríkisfang einstaklinga sé íslenskt eða erlent þegar kemur að sjúkratryggingum á Íslandi. Fólk sem flytur til Íslands þarf að vera skráð með lögheimili á landinu í sex mánuði áður en það kemst inn í íslenska sjúkratryggingakerfið og á það einnig við um íslenska ríkisborgara sem hafa búið erlendis. Hins vegar geta einstaklingar sem flytja til Íslands frá EES-löndunum sótt um að biðtíminn verði felldur niður með því að leggja fram E104 vottorð sem gefið er út í fyrra heimalandi (10. gr. Laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008; Sjúkratryggingar Íslands, e.d.-a). Erlendir ríkisborgarar sem koma frá löndum utan EES þurfa hins vegar að kaupa tryggingu upp á að minnsta kosti tvær milljónir króna fyrir þessa fyrstu sex mánuði sem þeir falla ekki undir almennar íslenskar sjúkratryggingar (Fjölmenningarsetur, e.d.-a; 43. gr. Reglugerðar um útlendinga).

Almennt eru einstaklingar sem flytja til Íslands ekki sjúkratryggðir af hérlendum tryggingum fyrstu sex mánuðina eftir að þeir skrá lögheimi sitt hérlendis (10. gr. Laga um sjúkratryggingar). Þeir sem sækja um kennitölu en láist að skrá lögheimili sitt, hvort sem er af kunnáttuleysi eða viljandi, fara á svokallaða utangarðsskrá og komast hvorki í sjúkratryggingakerfið né vinna sér inn réttindi innan þess (Magnús M. Norðdahl, 2006; Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, e.d.). Ríkisborgarar utan EES þurfa að kaupa sér sjúkratryggingu fyrir biðtímann (43. gr. Reglugerðar um útlendinga). Fólk sem flyst frá EES-ríkjum getur þó sótt um niðurfellingu biðtímans og þannig komist inn í íslenska sjúkratryggingakerfið um leið og það flytur. Umsókninni verður fólk að sinna að eigin frumkvæði og ekki víst að allir geri sér grein fyrir þeim möguleika (Magnús M. Norðdahl, 2006).

3.9 Svört vinna

Samkvæmt Mannréttindaskrifstofu Íslands grefur svört vinna undan velferðarkerfinu og hefur þar með skaðleg áhrif á samfélagið í heild sinni (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Svört vinna telst sú vinna sem ekki er talin fram til skatts, hvort sem er að hluta eða í heild (Fjármálaráðuneytið, 2004). Samtök iðnaðarins áætla að ár hvert verði íslenskt samfélag af um það bil 40 milljörðum króna vegna skattsvika og þá fyrst og fremst vegna svartrar vinnu. Talið er að svört vinna orsaki tekjutap upp á um 5-8% af heildarskatttekjum hins opinbera (Samtök iðnaðarins, e.d.). Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar frá árinu 2006 leikur grunur á að talsvert sé af ólöglegu erlendu vinnuafla á landinu en erfitt sé að áætla umfang þessa vanda (Vinnumálastofnun, 2006).

Mismiklar kröfur eru gerðar um leyfisskyldu og skráningu útlendinga sem flytjast til Íslands. Þetta þýðir um leið að möguleikar útlendinga til að stunda hér svarta vinnu eru mismiklir og er hér átt við svarta vinnu í þeim skilningi að enginn hluti vinnunnar sé talinn fram til skatts. Ríkisborgarar utan EES þurfa að vísa fram atvinnusamningi (eða að öðru leyti sanna tryggja framfærslu sína) til að eiga möguleika á dvalarleyfi (42. gr. Reglugerðar um útlendinga) og eru því ólíklegir til að búa löglega en vinna svart á Íslandi. EES-borgari gæti hins vegar látist vera í sex mánaða atvinnuleit eða þriggja mánaða sumarleyfi en starfað óskráð í landinu á meðan. Erlendir ríkisborgarar Norðurlandanna gætu enn frekar, eða því sem næst til jafns við íslenska ríkisborgara stundað atvinnu ólöglega þar sem þeir þurfa ekki að framvísa vottun um framfærslu við skráningu lögheimilis og lúta ekki takmörkunum á atvinnuleitartíma eins og aðrir EES-borgarar.

Að svartri vinnu koma að öllu jöfnu minnst tveir aðilar, launþegi og atvinnuveitandi þótt valdastaða þeirra í milli sé ójöfn. Launþegi í svartri vinnu verður af mikilvægum réttindum á borð við orlofsgreiðslum, slysatryggingu á vinnutíma, öruggum launum og atvinnuleysistryggingum (Alþýðusamband Íslands, e.d.). Farandverkamenn í svartri vinnu eru óvenju varnarláusir gagnvart atvinnurekendum sínum þar sem þá skortir það félagslega stuðningsnet og öryggi sem fólk býr almennt að og á það ekki síður við þegar fólk býr hjá atvinnuveitendum sínum. Vegna hættunnar á brottrekstri sættir það sig frekar en ella við ómannúðlega meðferð af hálfu yfirmanna (Choi og Choi, 2005). Því er erlent vinnufólk í svartri vinnu varnarláusara gagnvart atvinnuveitendum sínum en heimamenn sem stunda óskráða vinnu.

Svört vinna er vandamál sem kostar íslenskt samfélag háar fjárhæðir á hverju ári og grefur undan velferðarkerfinu. Miserfitt er fyrir erlenda ríkisborgara að stunda svarta vinnu á Íslandi vegna þess að kröfur um sönnun á framfærslu eru mismiklar eftir því hvaðan þeir koma. Útlendir farandverkamenn eru í lakari stöðu gagnvart atvinnuveitendum sínum en íslenskir starfsbræður þeirra þegar kemur að svartri vinnu.

4. Félagsráðgjöf

Félagsráðgjöf er starfsgrein sem sérhæfir sig í að bæta lífsgæði skjólstæðinga sinna, styðja við og efla félagslega virkni þeirra. Félagsráðgjafar vinna í þágu skjólstæðinga sinna að úrbótum á þeim kerfum sem skjólstæðingar eiga í samskiptum við (Hartman, 1991). Eftirfarandi kafli fjallar um siðfræði félagsráðgjafa og kenningar sem þeir geta notað í starfi með erlendu vinnuafli á íslenskum sveitabæjum.

4.1 Siðareglur félagsráðgjafa

Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa segja til um tilgang félagsráðgjafar og skyldur félagsráðgjafa í starfi. Áhersla er á að vinna gegn félagslegu ranglæti og mannréttindabrotum. Félagsráðgjafar eiga að upplýsa skjólstæðinga sína um skyldur þeirra og réttindi auk þess að vinna gegn því að hagsmunir þeirra séu ekki fyrir borð bornir geti þeir ekki gætt þess sjálfir. Trúnaður er mikilvægur þáttur í starfi félagsráðgjafa og má einungis brjóta þann trúnað ef lög kveða á um slíkt. Einnig telst það til ábyrgðarskyldu félagsráðgjafans að þróa nýjar hugmyndir innan fræðasviðsins og að koma þeim í framkvæmd (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

4.2 Vistfræðikenningar

Vistfræðikenningar eru kerfiskenningar sem leggja áherslu á samspil kerfa hvert við annað og áhrif þess á hegðun og líf einstaklinga. Greining vistfræðinnar í míkro (e. micro), mesó (e. mezzo) og makró (e. macro) kerfi er vinsæl nálgun í félagsráðgjöf (Farley, Smith og Boyle, 2006) og gagnleg meðal annars í vinnu með erlendu verkafólki í landbúnaði.

Míkro kerfi eru minnst, á stigi einstaklingsins og lúta að honum sjálfum. Vinna félagsráðgjafa á míkro stigi tekur til einstaklingsbundinna þátta og einkennist af áherslu á einstaklinginn sjálfan, eiginleika hans og þá þætti sem hafa áhrif á hegðun hans. Það eru sálrænir þættir, líffræðilegir þættir og félagslegir þætti (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Mesó kerfi eru stærri en míkrokerfi og eru litlir hópar fólks á borð við fjölskyldu, vini og vinnufélaga. Vinna félagsráðgjafans á mesó sviði felst í að vinna að lausn vanda innan þeirra kerfa til dæmis með hópavinnu og með því að virkja fólk innan mesó kerfa einstaklings til aðstoðar honum (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Makró kerfi eru stærstu kerfin og þeirra á meðal eru samfélög, stórir hópar, menning, stofnanir og samtök (Farley, Smith og Boyle, 2006). Félagaráðgjafi sem vinnur á makró sviði getur meðal annars unnið að stefnumótun fyrirtækja og stjórnvalda, samfélagsvinnu og hjá hjálparstofnunum.

5. Aðferð

Eftirfarandi kafli fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar. Fjallað verður um almenn einkenni eigindlegra rannsókna og aðferðir þeirra, val á rannsóknaraðferð, þátttakendur rannsóknarinnar, öflun gagna og úrvinnslu þeirra, siðferðilega þætti og takmarkanir rannsóknarinnar.

5.1 Eigindlegar rannsóknir

Rannsóknir eru leið vísindanna til að skapa þekkingu og þekking er grundvöllur fyrir allri framþróun mannkyns. Rannsóknir innan félagsvísinda snúast um fólk og eru gerðar til að öðlast betri skilning á félagslegum veruleika. Til einföldunar má skipta rannsóknaraðferðum í tvær nálganir, meginindlegar og eigindlegar rannsóknir. Meginindlegar rannsóknaraðferðir notast við tölfræði líkt og í náttúruvísindum. Litið er svo á að til sé einn raunveruleiki og hann sé hægt að kanna og útskýra með tölfræðilegum mælingum (Jón Gunnar Bernburg, 2005; Ragin, 1994; Neuman, 2006). Eigindlegar rannsóknaraðferðir felast í víðum skilningi í söfnun og túlkun lýsandi gagna í formi orða í stað talna (Taylor og Bogdan, 1998) og byggja á þeirri trú að félagslegur veruleiki sé háður túlkun fólks. Félagslegur veruleiki sé margbreytilegur þar sem fólk leggi mismunandi merkingu í sömu atburði eða aðstæður. Sem dæmi má nefna að tveir einstaklingar búsettir í sama hverfi með sömu laun geti upplifað aðstæður sínar á gjörólíkan hátt, öðrum geti fundist hann fátækur og hinum hann vel staddur. Markmið eigindlegra rannsókna er að kanna veruleika einstaklinga og þá merkingu sem þeir leggja sjálfir í hann, (Jón Gunnar Bernburg, 2005; Ragin, 1994; Neuman, 2006) að kanna félagsleg ferli í samhengi við aðstæður og öðlast djúpan skilning á efninu sem ekki fæst með tölfræði (Esterberg, 2002; Neuman, 2006).

Eigindlegar aðferðir þykja við hæfi þegar rannsakandi leitar eftir skilningi á aðstæðum þátttakenda frekar en tölfræðilegum gögnum, innsýn frekar en almennum niðurstöðum sem hægt er að yfirfæra á stóran hóp fólks. Alhæfingar- eða forspárgildi rannsókna er því ekki meðal áhersluatriða í eigindlegum rannsóknum en aftur á móti er lögð mikil áhersla á áreiðanleika, réttmæti og hlutlægni rannsakandans (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Notast er við aðleiðslu til

að komast að niðurstöðu eða móta kenningu. Í því felst að rannsóknin er hafin með lauslega mótaðri rannsóknarspurningu og gögnum safnað út frá henni. Gert er ráð fyrir því að gögnin leiði rannsakandann að niðurstöðu og kenning mótist út frá þeim. Það þýðir að rannsakandi er opinn fyrir athyglisverðum atriðum sem gögnin geta leitt í ljós og breytir jafnvel að einhverju leyti um stefnu meðan á rannsókn stendur. Kenning mótast í rannsóknarferlinu ólíkt megindlegum rannsóknaraðferðum þar sem tilgáta er sett fram í upphafi rannsóknar og athugað hvort hún stenst eða ekki. Því felst mikill sveigjanleiki í rannsóknarferlinu og getur rannsóknarefnið breyst töluvert á leiðinni (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003; Taylor og Bogdan, 1998).

5.2 Eigindlegar aðferðir

Ein helsta aðferð eigindlegra rannsókna felst í viðtölum og eru þau öflug tæki til að afla upplýsinga. Til eru mismunandi formgerðir viðtala, til dæmis eru óformleg viðtöl oft notuð í vettvangsathugunum, það eru óundirbúnað samræður þar sem rannsakandi fær einhverjar upplýsingar frá viðmælanda í spjalli. Aðrar gerðir eru formleg og fyrirfram ákveðin viðtöl. Mjög formleg viðtöl, til dæmis þar sem notast er við spurningalista með fyrirfram gefnum svarmöguleikum, eru lítið notuð, en þess í stað er mikið stuðst við svokölluð hálf-opin djúpvíðtöl. Þau eru lík eðlilegum samræðum hvað varðar flæði viðtals, en þó er ákveðin formgerð á viðtölunum, til að mynda er skýrt að rannsakandi er spyrjandi sem leitar eftir upplýsingum frá viðmælanda og stjórnar því stærra samhengi eða umgjörð viðtalsins. Þó gerir rannsakandi sér far um að fylgja því eftir sem viðmælandi hefur að segja, fylgja slóð hans ef svo má að orði komast. Gerir rannsakandi það með því að spyrja opinna spurninga og hvetja viðmælanda til frjálsrar tjáningar, ekki einungis með orðum heldur einnig líkamstjáningu virkrar hlustunar (Esterberg, 2002).

5.3 Val á rannsóknaraðferð

Samkvæmt Ragin (1994) er eitt af meginmarkmiðum rannsókna í félagsvísindum að vekja athygli á jaðar- og minnihlutahópum í samfélaginu, ekki einungis til að

fræðast um hópinn og auka þar með í viskubanka félagsvísinda heldur einnig til að vekja athygli á stöðu hópsins og ljá honum rödd innan samfélagsins. Þykja eigindlegar rannsóknaraðferðir henta vel til slíkra verkefna þar sem aflað er djúps skilnings á félagslegum raunveruleika þátttakenda með lýsandi gögnum.

Erlent vinnufólk á íslenskum sveitabæjum er fremur ósýnilegur hópur í íslensku samfélagi. Fáir gera sér grein fyrir tilvist hópsins og líta því síður á hann sem sérstakt félagslegt fyrirbæri innan íslenskrar menningar. Því má segja að um jaðarhóp innan samfélagsins sé að ræða og samkvæmt Ragin (1994) eru eigindlegar rannsóknaraðferðir mjög hentug leið til að veita slíkum hópum rödd og vekja athygli á stöðu og í þessu tilfalli tilvist hópsins.

5.4 Þátttakendur

Val á þátttakendum í rannsóknina fór fram með svokölluðu markvissu úrtaki en í því felst að viðmælendur séu valdir sérstaklega í samræmi við rannsóknarefnið (Esterberg, 2002). Miðað var við að viðmælendurnir væru erlendir ríkisborgarar án fjölskyldutengsla á Íslandi, hefðu komið til landsins á fullorðinsaldri í atvinnuskyni og ynnu og byggju í sveit hjá fjölskyldum sem áður hafi verið þeim ókunnar. Ekki var leitað eftir viðmælendum í þéttbýli, á fjölmönnum vinnustöðum né þeim sem búa sjálfstætt. Áhersla var á að leita ekki að hinum svokallaða dæmigerða farandverkamanni. Ástæða þess er áhersla rannsóknarinnar á landfræðilega einangrun og nána búsetu við ókunnuga, fremur en eðli bústarfa.

Mismunandi ráðum var beitt í leitinni að viðmælendum og notaðist rannsakandi meðal annars við samskiptavefi á Internetinu og heimasíður ferðaþjónustuaðila. Það sem endanlega bar árangur í leitinni var þó kunningsskapur og sambönd. Persónuleg tengsl rannsakanda við fólk í sveit á Suðurlandi urðu til þess að hann fékk lista í hendurnar yfir fólk sem vitað var að réði reglulega til sín erlent fólk í vinnu. Samband var haft við alla aðila á listanum og var árangurinn af því að tvær ungar konur samþykktu viðtal. Þriðja viðtalið kom til gegnum gamlan skólafélaga rannsakanda sem benti á vinnukonu skyldmenna sinna. Tvær kvennanna voru í vist þegar viðtölin voru tekin, önnur þeirra í annarri vist sinni á landinu. Sú þriðja hafði verið í vist nokkrum árum áður

en hafði í framhaldi af því flust til landsins og réð nú sjálf reglulega til sín erlendar vinnukonur. Því var viðtalið við hana tvíþætt, annars vegar sneri það að reynslu hennar sem vinnukonu og hinsvegar að reynslu hennar af því að vera atvinnuveitandinn sem opnar heimili sitt fyrir starfskrafti. Tilviljun réð því að allt vinnufólkið sem rætt var við voru konur en samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands (2006) eru þær í meirihluta erlends landbúnaðarvinnuafls í sveitum landsins. Utan þessara þriggja viðtala við vinnufólk var til glöggvunar eitt viðtal tekið við bóndahjón sem í fjölda ára höfðu ráðið til sín erlendar vinnukonur. Í báðum tilfellum atvinnurekenda voru húsfreyjur sveitabúsins sjálfar af erlendum uppruna. Allar vinnukonurnar voru frá EES-ríkjunum, tvær frá Mið-Evrópu og ein frá Norðurlöndunum. Þær voru á aldrinum 19-26 ára og allar með einhverja reynslu af störfum í landbúnaði áður en þær komu til landsins. Allar gáfu þær tvisvar sinnum upplýst samþykki til þátttöku, fyrst þegar óskað var eftir þátttöku þeirra og svo áður en viðtalið sjálft hófst nokkrum dögum síðar. Viðmælendum var heitinn trúnaður og var ítrekaður réttur þeirra til að svara ekki spurningum rannsakanda. Nöfnum þeirra hefur verið breytt og þeim gefin dulnefni Beate, Christina og Lisa auk þess sem öllum persónuupplýsingum sem ekki þykja skipta máli fyrir niðurstöður rannsóknar en gætu veitt einhverjum hugmynd um persónu þeirra, hefur verið breytt.

5.5 Gagnaöflun og úrvinnsla

Gagnaöflun stóð frá miðjum maí 2009 og fram í miðjan júní. Fyrsta viðtalið var tekið við hjón sem höfðu mikla reynslu af því að hafa erlent fólk í vinnu á sveitabæ sínum. Viðtalið fór fram heima hjá hjónunum og voru glósur teknar meðan á því stóð. Það þjónaði helst þeim tilgangi að fá mynd af rannsóknarefninu. Næstu viðtölin þrjú voru hálf-opin viðtöl við vinnustúlkur. Þau viðtöl voru hljóðrituð að veittu samþykki viðmælanda auk þess sem áhrif og athugasemdir voru skrifaðar niður eftir á. Viðmælendurnir völdu staðsetningu og fór helmingur viðtalanna fram á veitingastöðum og hinn á heimili viðmælanda. Viðtölin voru á bilinu ein til tvær klukkustundir og fóru tvö fram á þýsku, móðurmáli viðmælanda og eitt á ensku sem ekki var móðurmál viðkomandi. Rætt var við bóndahjónin á íslensku. Telja má að tjáning vinnufólksins hafi verið

frjálsari á viðkomandi tungumálum en verið hefði á íslensku og þá sérstaklega þeirra sem talað var við á móðurmáli sínu.

Viðtölin voru afrituð mjög nákvæmlega og samhliða því punktaðar niður athugasemdir rannsakanda. Kóðun var notuð við gagnagreiningu, byrjað var eins og venja er á opinni kóðun. Í því felst að gögnin eru marglesin og merkt við allt sem áhugavert þykir. Í þessari vinnu fóru ákveðin atriði, svokölluð þemu, að koma fram. Í markvissri kóðun sem á eftir kemur var dæmum um slík þemu safnað saman í gögnunum og þau flokkuð. Á þessum stað í ferlinu fóru gögnin að taka á sig skýrari mynd og var túlkun þeirra framkvæmd eftir bestu samvisku og kunnáttu rannsakanda.

Tilkynnt var um vinnslu rannsóknarinnar til Persónuverndar í samræmi við VI. kafla laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000) sem kveður á um tilkynningarskyldu við rafræna vinnslu persónuupplýsinga.

5.6 Siðferðilegir þættir rannsókna

Siðfræði er mikilvægur þáttur í félagsvísindalegum rannsóknum og liggur ábyrgð á siðferði rannsókna hjá rannsakandanum sjálfum (Neuman, 2006).

Siðferðileg atriði þessarar rannsóknar snúa fyrst og fremst að siðferðilegri skyldu rannsakanda til að vernda viðmælendur fyrir hugsanlegum neikvæðum afleiðingum af þátttöku sinni í rannsókninni. Með því er átt við að upplýsingar sem viðmælendur veita í viðtölum gætu hugsanlega komið sér illa fyrir þá í lagalegum eða félagslegum skilningi. Dæmi um slíkt væri ef viðmælandi veitti upplýsingar um samskiptaörðugleika við atvinnuveitanda og sá kæmist að því. Til að koma í veg fyrir slíkar neikvæðar afleiðingar fyrir viðmælendur er nafnleyndar gætt og upplýsingum breytt sem ekki skipta máli fyrir rannsóknarniðurstöður en geta gefið vísbendingu um persónu viðkomandi. Í stuttu máli er allt gert til að ekki sé hægt að rekja einstaklinga í rannsókninni með lesningu þessari.

5.7 Takmarkanir rannsókna

Rannsókn þessi byggist á viðtölum og þar með færni í tjáningu. Tungumál er mikilvægur þáttur þegar kemur að rannsóknum á erlendu fólki þar sem tjáning

getur verið heftari en ella. Eitt viðtalanna fór fram á ensku sem hvorki er móðurmál rannsakanda né viðmælandans. Því má álykta að tjáning hafi verið heftari en þegar um er að ræða móðurmál þátttakenda. Opin viðtöl í eigindlegum rannsóknaraðferðum byggja að mjög miklu leyti á tjáningu með eigin orðum viðmælanda. Því má vera að magn og gæði gagna í því viðtali hafi ekki verið jafn mikið og það hefði getað orðið á móðurmáli. Meirihluti viðtala fór þó fram á móðurmáli þeirra sem ræddust við (rannsakandi er tvítyngdur og jafnvígur í báðum tungumálum sínum) og því ekki um mjög mikinn ágalla að ræða í rannsókninni.

Opin viðtöl bera alltaf með sér ákveðna hættu á því að viðmælendur verði fyrir áhrifum af fasi eða orðum rannsakanda. Flestir hafa tilhneigingu til að vilja virka vel á aðra og gæti því verið að frásögn einstaklings sýni hann í ögn jávæðari ljósi en raunveruleg ástæða ber til. Einnig gæti viðmælandi hagað frásögn sinni eftir því sem hann telur að rannsakandinn vilja heyra og gögnin litast af því. Það er mat rannsakanda er að fyrrnefnd atriði hafi ekki orðið til raunverulegra trafala við framkvæmd rannsóknarinnar né haft áhrif á niðurstöður heldur sé fyrst og fremst um að ræða atriði sem beri að hafa í huga.

6. Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á greiningu viðtala við erlent vinnufólk í landbúnaði og atvinnuveitendur sem hafa reynslu af því að ráða það til sín. Ófá áhugaverð atriði komu fram við söfnun og úrvinnslu gagnanna sem vert væri að kanna frekar en rúmuðust ekki innan marka þessarar rannsóknar. Þegar kom að því að aðalatriðin þyrfti að draga fram og velja úr stóðu eftirfarandi þemu upp úr: Hvati að komu, vinnan, samskipti við vistfjölskyldu og félagstengsl.

6.1 Aðdragandi að komu

6.1.1 Hvati vinnufólks. Ástæður þess að vinnustúlkurnar sem rætt var við ákváðu að ráða sig í vinnu til Íslands voru mismunandi. Ein stúlkan kom í þeim tilgangi að fá vinnu, önnur til að starfa með íslenska hesta og sú þriðja uppfyllti áralangan draum með komunni til Ísland.

Þegar Christina kom til Íslands hafði verið töluvert um atvinnuleysi í heimalandi hennar og hafði Vinnumálastofnun þar í landi um nokkurt skeið bent fólki á tímabundin störf á Íslandi. Helsta ástæða fyrir komu Christinu til Íslands var að fá vinnu og nálgast hún það verkefni með skipulögðum hætti. Hún auglýsti á sérstakri Íslands-síðu á Internetinu (www.geysir.com) þar sem hún setti fram faglega umsókn og fékk svar við henni aðeins 20 mínútum seinna. Þá hóf hún að læra íslensku upp á eigin spýtur eftir bestu getu til að undirbúa sig fyrir komuna til landsins fjórum mánuðum seinna.

Lisa hafði töluverða reynslu af hestamennsku fyrir komuna til landsins og sá tækifæri til vinnu með íslenska hestinum.

Ég er ekki að koma vegna veðursins. Bara útaf hestunum.

Vinnuna hafði hún fengið gegnum kunningsskap innan alþjóðlegra tengsla hestamannasamfélagsins þar sem maður þekkir mann. Lisa áleit að ráðning hennar í vistina væri ekki einungis tímabundin vinna heldur mikilvæg reynsla og skref í átt að starfsframa í hestamennsku sem hún væri að byggja sér upp.

Beate fékk vinnu á sveitabæ gegnum vinnumiðlunina Nínukot en aðdragandi að ráðningu hennar í vist á Íslandi var áralangur og hófst í barnæsku

hennar þegar hún hafði mikið dálæti á hestum. Meðal annars las hún þá tímarit um hesta og dáðist að umfjöllun um íslenska hestinn. Þegar hún varð eldri kviknaði svo áhuginn á landinu sjálfu og ákvað hún að eftir stúdentspróf skyldi haldið til draumalandsins Íslands.

Ég klippti út allar blaðgreinar um Ísland sem ég fann.

Einlæg aðdáun hennar á landinu varð til þess að hún var mjög sannfærð um að allt yrði frábært í dvölinni.

Ég hugsaði ekki einu sinni um að þetta gæti kannski orðið alveg hræðilegt... þetta var bara svona: Nú ferðu til Íslands og það verður æðislegt!

Það mikla jákvæða viðhorf sem Beate hafði gagnvart dvölinni á Íslandi taldi hún hafa orðið til þess að hún hafi mætt í vistina með opinn hug og það hafi átt sinn þátt í að henni hafi líkað vel.

6.1.2 Hvati bóndans. Atvinnuveitendurnir sem rætt var við höfðu í gegnum tíðina ráðið til sín erlent fólk í vinnu af þeirri einföldu ástæðu að á sveitabæinn og heimilið vantaði fleiri hendur til að sinna daglegum störfum. Annar atvinnurekandinn var garðyrkjubóndi sem þurfti aukalegan mannafla á haustin fyrir uppskerutíðina og hafði notast vinnumiðlanirnar EURES og Nínukot til að verða sér úti um erlent vinnuafli á bæinn. Hinn var með fjölþættan búskap og barnmargt heimili og hafði yfirleitt auglýst í dagblöðum Norðurlandanna eftir vinnuafli en sagðist ekki notast við vinnumiðlanir þar sem það væri of dýrt. Þó hefði það einnig gerst að vinnufólk hafi hálfpartinn flúið til þeirra af öðrum bæjum, eitt skiptið hafi verið um að ræða stúlku sem yfirgaf upprunalega atvinnuveitandann því hann hafi endurtekið leitað á hana. Báðir atvinnurekendurnir komu úr fjölskyldum þar sem húsbóndinn var Íslendingur en húsfreyjan af erlendum uppruna og höfðu konurnar umsjón með ráðningu erlends vinnufólks í báðum tilfellum. Tilhneiging var til þess að ráða einstakling

frá upprunalandi húsfreyjunnar og nefndu þær sameiginlegt tungumál sem helstu ástæðu þess.

6.2 Vinnan

Eftirfarandi undirkaflar fjalla um upplifun verkafólksins af vinnunni og er í því samhengi átt við eiginleg störf, tilhögun atvinnusamninga og öryggi á vinnustað.

6.2.1 Störf. Vinnufólkið sem rætt var við starfaði við ýmiss konar landbúnaðarstörf á borð við garðyrkju, hrossatamningar, sauðfjárrækt og nautgriparrækt auk þess sem ferðamannaiðnaður var samofinn bústörfum á einum bænum. Störf stúlkanna einskorðuðust þó ekki við lífsviðurværi atvinnurekendanna heldur voru almenn heimilisstörf á borð við barnapössun og uppvaskeinnig meðal verkefna fólksins. Atvinnurekendur sem rætt var við sögðu vinnufólk sitt sinna hverju því sem þyrfti þá stundina, hvort sem það væri að ríða út, vaska upp, mála húspök eða gæta búsin í fjarveru þeirra sjálfra. Tvær stúlkanna töldu sig vinna mikið og sú þriðja hafði mjög óreglulegan vinnutíma, allt eftir aðstæðum á búinu sem voru meðal annars háðar komu ferðamanna. Annar bóndinn taldi það illa meðferð á vinnufólki að láta það vinna of mikið en sagðist vita þess dæmi að aðrir bændur gerðu slíkt.

Svo virðist sem þess sé vænst að stúlkurnar séu til taks bæði fyrir atvinnurekstur og heimilisstörf og gangi í öll þau störf sem til falla. Eitthvað virðist vera um að fólk sé látið vinna mikið. Það að heimilisstörf séu hluti af starfi vinnufólksins undirstrikar sérstöðu þess meðal launþega.

6.2.2 Atvinnusamningar. Hvað varðar atvinnusamninga var málum háttað á tvo mismunandi vegu meðal viðmælenda. Annars vegar var það skriflegur atvinnusamningur sem framvísað var hjá yfirvöldum og hins vegar munnlegur samningur sem ekki var tilkynnt um til yfirvalda. Tvær stúlkanna voru frá Mið-Evrópu og höfðu þær báðar skriflegan samning við atvinnuveitendur sína. Enda þurftu þær samninginn til að votta um framfærslu sína þegar tilkynnt var um komu og veru þeirra á Íslandi. Hin stúlkan var frá Norðurlöndunum og þurfti því ekki að sýna yfirvöldum fram á framfærslu. Lögum samkvæmt þurfti hún einungis

að skrá lögheimili sitt hjá Þjóðskrá og gerði hún það eftir nokkurra mánaða dvöl á landinu. Enginn skattur var greiddur af launum hennar og var hún því í svartri vinnu en virtist sátt við það.

Þetta er ekki þú veist *hvít* vinna... En það er í lagi.

Aðspurð sagðist hún ekki hafa áhyggjur af því að vera ekki með samning, hún hafi heldur ekki spáð mikið í sjúkratryggingum en taldi sig vera með tryggingu frá heimalandi sínu.

Ég er ekki að spá mikið í þessu.

Ein hinna stúlkanna var langt frá því að deila þessu frekar afslappaða viðmóti til svartrar vinnu og tryggingarmála. Sjálfri hafi það verið henni mjög mikilvægt að hafa öll sín mál á hreinu fyrir komuna til landsins en hún hafði kynnst þó nokkru vinnufólki í landbúnaði sem hafði komið til landsins í þeirri trú að það væru tryggt og skjöl þess í lagi en annað hafi komið í ljós. Nokkrum þeirra hafi verið sama en margir hafi verið ósáttir. Það hafi hins vegar ekki vitað hvert það ætti að snúa sér í málinu.

Fyrst... þá varð ég eiginlega bara fyrir svolitlu áfalli... það voru svo margir sem komu hingað og héldu að þeir væru tryggðir, en svo kom annað í ljós... og þau vissu ekkert við hvern þau áttu að tala.

Vinnufólk í þessum aðstæðum sagði hún bæði hafa komið gegnum vinnumiðlun og á eigin vegum. Sjálf hafi hún lagt mikla áherslu á að vita fyrir víst að öll hennar mál yrðu í fullkomnu lagi áður en hún réð sig í vinnu í ókunnugu landi.

Atvinnuveitendurnir sem rætt var við höfðu mjög ólík viðhorf gagnvart skráningu og tryggingamálum. Annar bóndinn lagði áherslu á hafa öll skjöl og tryggingamál í lagi og leitaði í þeim tilgangi meðal annars til Útlendingastofnunar. Vandamál væri þó að þegar stúlkurnar kæmu til landsins væru þær tryggðar á vinnutíma en ótryggðar í frítíma sínum fyrsta hálfu árið. Það væri alltaf vandkvæðum bundið fyrir stúlkurnar að fá tryggingar frá heimalandi þeirra sem

næðu yfir þetta fyrsta hálfu ári á Íslandi. Yfirleitt væru tryggingarfélagin þar ekki hrifin af fyrirkomulaginu og krefðust hárra fjárhæða fyrir slíkt. Taldi hann jafnframt að eftirlit mætti herða með sveitabæjum til að sporna við ráðningu fólks í svarta vinnu. Hinn atvinnuveitandinn viðurkenndi hinsvegar hispurslaust að hafa alla tíð haft sitt erlenda vinnufólk í svartri vinnu. Það væri einfaldlega mun minna mál og sagðist hann vita að aðrir bændur sem hann þekkti til gerðu þetta á sama veg. Yfirleitt hefði fólk verið ráðið frá Norðurlöndunum því þá þyrfti ekki að standa í veseni með leyfi og pappíra. Tvisvar hefðu þau hjónin samt ráðið til sín stúlkur frá Mið-Evrópu og allavega önnur þeirra hafi þótt vera á landinu í sumarleyfi. Athygli vekur að hvorki atvinnuveitendur né launþegar virtust gera sér virtist gera sér grein fyrir möguleikanum á að sækja um niðurfellingu biðtíma á sjúkratryggingum.

Hvað varðar laun stúlnanna kváðust þær sátta þótt þau væru ekki há. Sá atvinnurekandi sem réð fólk til sín í svarta vinnu sagðist alltaf borga fólki sömu launin sem væru þau sömu og fólk á öðrum bæjum væri að borga sínu fólki, það væri eins konar viðmið. Í launum fólksins var alltaf innifalið fæði og húsnæði launþegans.

Af framangreindu má draga þá ályktun að um tvær meginleiðir sé að velja við gerð atvinnusamninga milli vinnufólks og bænda, annars vegar löglegu leiðina og hins vegar þá ólöglegu. Ómögulegt er að segja til um hvort sé algengara út frá gögnum þessarar rannsóknar en víst er að töluvert er um að erlent fólk sé ráðið til svartrar vinnu í landbúnaði.

6.2.3 Öryggi á vinnustað. Einn viðmælenda starfaði sem tamningamaður sem í eðli sínu getur talist áhættusamt starf. Hún hafði á tímabili starfað ein í gömlu hesthúsi við hættulegar aðstæður.

Það voru mörg ung hross sem voru fælin... og hesthúsið var í raun ekki öruggt... Hrossin voru laus.

Hún hafði við þessar aðstæður eitt sitt lent í slysi þegar hestur sparkaði í hana en fór ekki til læknis. Eftir á að hyggja sagði hún að eflaust hefði verið betra að fara í

læknisskoðun þar sem hún hefði ekki getað gengið og bæri enn ör á vöðva en í raun hefði hún verið heppin þar sem slysið hefði getað farið mun verr.

6.3 Samskipti vinnufólks við vistfjölskyldu

Vinnustúlkurnar þrjár báru allar vistfjölskyldum sínum góða söguna og virtust almennt mjög sáttar með samskiptin þeirra á milli þótt þau væru misnáin. Það virtist skipta stúlkurnar miklu máli að hve miklu leyti þær upplifðu sig sem hluta af fjölskyldunni. Bæði vinnufólkið og bændurnir voru sammála um að mikilvægt væri að einstaklingurinn passaði vel inn í fjölskylduna.

Aðstæður Christinu voru á þann veg að húsfreyjan á bænum var samlandi hennar og ræddust þær því við á móðurmáli sínu en húsbóndinn var Íslendingur og áttu þau hjónin saman nokkur börn. Christinu fannst þau öll hafa kynnst mjög vel furðu fljótt og taldi að sá hluti starfs hennar sem snéri að barnapössun hefði orðið til þess að hún „komst enn meira inn í fjölskylduna“ eins og hún orðaði það. Að sjálfsögðu væru einhverjir hlutir sem þau væru ósammála um og óumflýjanlegt að þeim lenti saman við og við en það væri hluti af því að búa svona náíð. Á móti kæmi hins vegar hve vel þau þekktust og að mikil vinátta væri milli þeirra, hún myndi til dæmis ræða við húsfreyjuna ef hún ætti erfiðan dag að baki. Christine hafði lítinn kofa án salernis og eldunaraðstöðu við bæinn útaf fyrir sig og líkaði það vel. Hún sagði það gott að geta lokað dyrunum á kvöldin og kunni vel að meta næðið sem fólst í því.

Lisa sem talaði ágæta íslensku var í sinni annarri vist á landinu og voru aðstæður hennar nú heldur ólíkar því sem áður var. Fyrri vistin hafði verið í mjög afskekktari sveit hjá ungum hjónum með börn sem höfðu ágætis tök á móðurmáli Lisu. Þar hafði Lisa búið og lifað sem ein af fjölskyldunni og lýsti verunni sem miklum gleðitímum, þau hafi öll skemmt sér mikið saman og hjónin hafi verið svo indæl. Einangrunin hafi í rauninni ekki skipt máli því það hafi verið svo gaman hjá þeim. Lisa sagði andrúmsloftið á heimilinu skipta miklu máli um það hvernig manni liði í vistinni. Seinni vistin var á stærri bæ og í mun minni landfræðilegri einangrun en sú fyrri. Þar bjó Lisa ein í smáhýsi með baðherbergisaðstöðu við hlið aðalhússins.

...En það er mjög fínt að hafa sinn eigin bústað, svo maður getur svolítið svona falið sig... Og þar sem manni finnst maður heldur ekki vera að *trufla*.

Því virðist sem hún kunni vel að meta næðið sem fólst í sér húsnæði. Einnig sagðist hún ekki vera jafnmikill hluti af fjölskyldunni og í fyrri vistinni heldur meira út af fyrir sig. Hún upplifði sig frekar sem launþega og þótt henni þætti fjölskyldan almennileg og henni fyndist hún velkomin þá kæmi það fyrir að stundum þætti henni hún vera að trufla fjölskyldulífið með nærveru sinni. Kvöldunum varði hún yfirleitt með fjölskyldunni og nefndi Lisa að þegar maður ynni og byggði svo náið saman þá yrði sú mikla samvera stundum til þess að fólk yrði þreytt hvert á öðru og henni þætti það eðlilegt þótt það væri stundum dálítið erfitt.

Beate réð sig til vinnu hjá eldri hjónum. Bóndinn talaði aðeins íslensku, sem Beate kunni ekki, frúin gat bjargað sér á ensku en sonur þeirra talaði góða ensku. Beate hafði sjálf lært ensku í skóla en sagði að þegar á hólminn var komið hafði hún ekki jafn góða kunnáttu í því tungumáli og hún hafði vonað. Til dæmis hafi atvinnuviðtalið farið fram í síma og henni fundist það ganga hræðilega. Auk þess hafi hana vantað rétta orðaforðann fyrir sveitastörfin. Henni hafi fundist erfitt að eiga við tjáninguna til að byrja með en enskan hafi verið fljót að koma hjá henni og þetta hafi í raun ekki háð samskiptum þeirra mikið þar sem fólk hafi líka verið duglegt að bjarga sér með látbragði. Beate sagðist ekki hafa haft neinn áhuga á að læra íslensku þótt húsfreyjan hafi gert sér far um að kenna henni. Hún sæi ekki tilgang með því að læra mál lands sem hún ætlaði að yfirgefa eftir hálfis árs dvöl. Þess utan taldi hún ekki að hún myndi valda framburðinum og hélt að fólk myndi gera grín að henni ef hún myndi reyna.

Beate fannst að hún hefði verið hjartanlega velkomin hjá sinni vistfjölskyldu og hún hefði í raun ekkert nema jákvætt um reynslu sína að segja. Allt hefði verið alveg ótrúlega frábært og fjölskyldan yndisleg.

Þau heilsuðu mér með faðmlagi... Ég var mjög hissa... en svo hugsaði ég: Vá hvað þau eru glöð að fá mig!

Beate fannst mjög gaman hvað hjónin á bænum tóku henni vel, gerðu sér far um að kynnast henni og virtust umhugað um að henni liði vel hjá þeim. Þau hafi til dæmis boðið henni afnot af bílnum sínum til að hún kæmist að hitta vinnufólk af öðrum bæjum og hvatt hana til að fara í ferðir og skoða landið. Um helgar hafi svo uppkomin börn hjónanna komið í heimsókn með barnabörnin og henni hafi alltaf verið jafn velkomið að vera með. Það hafi annarsveggar verið mjög gaman að vera boðin svo velkomin en hinsveggar hafi henni fundist fjölskylduboð erfið þar sem hún var ekki viss hvort henni væri boðið að vera með af einskærri kurteisi og hvort þau vildu í raun og veru fá að vera ein. Þá hafi hún yfirleitt dregið sig í hlé eftir matinn til að veita fjölskyldunni næði og á þeim stundum hafi hún fundið fyrir því að þrátt fyrir allt væri hún ekki hluti af fjölskyldunni. Engu að síður fannst Beate að fjölskyldan gerði sér far um bjóða hana velkomna í fjölskylduna og sýndi henni og hennar lífi mikinn áhuga, nefndi hún það sem helstu ástæðu þess að henni hafi liðið jafn vel í vistinni og raunin varð.

Allar stúkurnar voru sammála um að stundum væri erfitt að átta sig á venjum fjölskyldunnar og hvað þætti viðeigandi eða óviðeigandi í vissum aðstæðum. Slíkar aðstæður yrðu oft til óöryggis af þeirra hálfu.

Bændur sem höfðu reynslu af því að ráða til sín erlent fólk í vinnu og hafa það búandi inni á heimili sínu nefndu mikilvægi þess að ráða til sín einstakling sem passaði við fjölskylduna til að hlutirnir gengju upp. Auk þess töldu þeir það að hugsa vel um vinnufólkið grundvöll fyrir farsæl samskipti þeirra í milli:

Það skiptir náttúrulega svo miklu máli að þau verði ein af fjölskyldunni svo þetta gangi vel, það gerist náttúrulega ekki ef maður fer illa með fólkið.

Auk þess nefndi bóndakona sem sjálf hafði verið vinnustúlka í sveit á sínum tíma að henni þætti einnig viss ábyrgð falin í því að ráða til sín fólk frá útlöndum:

Mér finnst... þegar maður nær sér í einhvern svona inn í fjölskylduna... viðkomandi hefur væntanlega líka áhuga á landinu... og vill sjá eitthvað meira af landinu en bara bæinn okkar... maður þarf að vera tilbúinn til að gera eitthvað fyrir það.

Atvinnuveitendunum virtist þykja vænt um vinnustúlkurnar sínar og töluðu vel um þær. Önnur bóndakonan sagði að þrátt fyrir það væri líka stundum gott að hafa enga aukamanneskju í fjölskyldunni sem þyrfti að hugsa um, sérstaklega þegar vinir og vandamenn kæmu í heimsókn. Þá vildi maður helst fá að tala við sitt fólk í friði, án þess að þurfa stöðugt að hafa áhyggjur af vinnufólkinu sem sæti hjá og skildi ekki neitt. Einnig væri gott fyrir bæði vinnuveitandann og vinnufólkið að fá stundum smá frí frá hvort öðru, til dæmis þegar vinnufólkið færi eitthvert að hitta vini sína. Báðir atvinnuveitendurnir sögðu að almennt tækist vel að ráða fólk inn á heimilið sem passaði inn í hópinn þótt það kæmi fyrir að svo væri ekki og þá væri best að viðkomandi færi aftur.

Allar stúlkurnar gátu að einhverju leyti tjáð sig við atvinnuveitendur sína á sameiginlegu tungumáli og bjó ein meira að segja hjá samlanda sínum. Sú sem bjó við mesta tungumálaörðugleika gat þrátt fyrir það alltaf bjargað sér og fann enga þörf fyrir að læra íslensku. Viðmælendur voru allir sammála um að sambandið milli vinnufólksins og fjölskyldunnar væri meira og mikilvægara en hið hefðbundna samband milli launþega og vinnuveitanda. Það virtist skipta máli að vinnufólkið og fjölskyldan næðu vel saman svo samveran gengi upp og bændurnir töldu það ábyrgðarhlut sinn að hugsa vel um vinnufólkið sitt til að stuðla að því. Fyrir vinnufólkið skipti það máli að finnast það velkomið í fjölskylduna. Viðmælendur virtust gera sér grein fyrir því að mannlegir árekstrar væru eðlilegir í svo mikilli samveru fólks og töldu það ekki vandamál. Áberandi var hve mikil væntumþykja virtist einkenna samskipti milli vinnufólksins og fjölskyldunnar sem það bjó hjá.

6.4 Félagstengsl

Með félagstengslum er átt við vináttu og kunningsskap vinnufólksins við aðila utan fjölskyldunnar. Þá einstaklinga sem það sótti í að verja frítíma sínum með. Eftirfarandi þema virtist viðmælendum mjög mikilvægt og skipta mikla um almenna líðan þeirra hér á landi.

6.4.1 *Aðrir útlendingar.* Allar vinnustúlkurnar sem rætt var við höfðu einhvern tíman á ráðningartímabili sínu unnið með öðru erlendu vinnufólki á sama bæ. Hjá tveimur þeirra hafði önnur manneskja þegar verið í vist hjá fjölskyldunni þegar þær komu og þá höfðu einstaklingarnir sem fyrir voru tekið þær með á kaffihús þar sem erlent vinnufólk úr nágrenninu hittist vikulega. Hin stúlkan vissi ekki af slíkum fundum. Allar stúlkurnar þekktu aðra útlendinga á landinu, bæði samlanda sína og fólk frá öðrum löndum. Flestir kunningjar og vinir stúlkanna voru í svipaðri stöðu og þær sjálfar, útlendingar í tímabundinni vinnu hjá íslenskri fjölskyldu og virtist mikilvægt fyrir stúlkurnar að geta samsamað sig einhverjum.

Þegar þú kemur hingað ertu þakklát fyrir öll tengsl og kannski sérstaklega þegar þú kynnist einhverjum sem er í sömu sporum og þú sjálf.

Í fyrstu, þegar maður þekkti engan, þá er þetta bara æði [að hitta annað vinnufólk á kaffihúsi] því maður hittir fólk sem er í nákvæmlega sömu stöðu og maður sjálfur.

Almennt skipti það stúlkurnar miklu máli að vera í félagslegum samskiptum utan fjölskyldunnar og að eiga vini í nágrenninu. Þær sem höfðu til þess aðstöðu buðu gjarnan vinum sínum heim og elduðu saman eða héldu bíókvöld auk þess sem vinsælt var að kíkja út á lífið í næsta þéttbýlisstað þegar tækifæri gafst til og þá alltaf í hópi vina. Miklu virtist skipta að nýta þau tækifæri sem gáfust til að hitta vini og kunningja.

Nokkuð var um að bændurnir lögðu sig fram við koma vinnufólki sínu í sambandi við aðra í sömu stöðu. Var það til dæmis gert með því að benda á fólk á öðrum bæjum, miðla símanúmerum og lána bíla til að það gæti hist.

Og um leið og það kom einhver ný þá sögðu þau: Það er aftur einhver komin á þennan bæ, takið hana með [þegar farið var í vikulegu kaffihúsferðina].

Ein stúlkanna virtist sérstaklega meðvituð um að það voru ekki allir bændur svona hugulsamir þegar kom að félagstengslum vinnufólksins. Hún sagði suma lítið virðast hugsa um fólk sitt og að margar stelpur kæmust aldrei burt af

bæjunum upp á eigin spýtur. Önnur stúlka nefndi að hana langaði mikið að kaupa sér bíl svo hún kæmist að hitta vini sína. Hún gæti svo sem fengið bíl lánaðan við og við en henni væri illa við að biðja um það og hingað til hefði hún verið svo heppin að vinkona hennar sem ætti bíl nennti að ná í hana.

Internetið var einnig nefnt sem leið til að kynnast öðru fólki í svipaðri stöðu. Til séu samskiptavefir til þar sem fólk getur skráð sig í hópa til að finna annað fólk í sömu sporum. Dæmi um nöfn slíkra hópa væru: ég er á Íslandi, aðdáendur Íslands og fleira í þeim dúr. Fólk sem væri skráð í slíka hópa gæti svo rætt saman á netinu og meðal annars mælt sér mót.

6.4.2 Íslendingar utan fjölskyldunnar. Samskipti stúlkanna við Íslendinga aðra en vistfjölskylduna voru mismikil og virtist það aðstæðubundið hve mikil geta eða áhugi var á kynnum við Íslendinga.

Beate sagðist ekki hafa kynnst neinum Íslendingum á ráðningartíma sínum. Hún var hluti af stórum hópi erlends vinnufólks og þau gerðu svo margt saman að það hafi aldrei vaknað hjá henni þörf á að kynnast einhverjum utan hópsins. Hún hafði því ekki gert neinar tilraunir til að kynnast Íslendingum sérstaklega utan fjölskyldunnar.

Christina þekkti Íslendinga frá nærliggjandi bæjum en taldi þá til kunningja fremur en vina. Hún sagði að stundum rækist hún á þá djamminu en hún gerði aldrei neitt með þeim sérstaklega. Áhugi á að kynnast Íslendingum var líkt og hjá fyrri stúlkunni takmarkaður.

Lisa hafði til skamms tíma verið í annarri vist þar sem þáverandi atvinnuveitandi hafði oft tekið hana með í heimsóknir á aðra bæi. Þannig hafði hún hitt nokkra Íslendinga en sjaldan fólk á sínum aldri. Hún sagðist í raun hafa verið vinfá á þeim tíma og nefndi sem dæmi um einangrun sína að það hafi ekki einu sinni verið farsímasamband á bænum. Eftir á að hyggja sagðist hún ekki skilja hvernig hún hefði lifað það af. Henni þætti svosem í lagi að vera stundum ein með hestunum en til lengdar þá væri það mjög leiðinlegt.

Í seinni vistinni átti Lisa hins vegar nokkra íslenska vini, þar á meðan tvær jafnöldur hennar sem hún var í miklum samskiptum við. Önnur þeirra hafði

starfað tímabundið á sama sveitabæ og þannig höfðu þær kynnst. Hún taldi sig ekki eiga marga íslenska vini og kenndi aðstæðum sínum um það.

Ég held það sé erfiðara þegar maður býr svona í sveit.
Þegar maður einangrast svolítið.

Það hefði tekið hana nokkra mánuði að koma sér fyrir en eftir að hún hafi kynnst íslensku stelpunum sem bjuggu í næsta nágrenni hefði lífið orðið léttara og líkara því sem það hafði verið í heimalandinu. Til dæmis hefði hún nýlega fengið mikla heimþrá en þá hafi vinatengsl hennar hjálpað henni mikið og henni ekki fundist hún jafn einangruð og áður.

En svo náðum við svo vel saman... og núna er ég virkilega að eignast mér eitthvað líf og nú er þetta bara reglulega gaman. ...Bara að einhver hringi í símann minn eða sendi mér sms.

Lisa átti ekki erlenda vini í nágrenni við sveitabæinn en nokkra í töluverðri fjarlægð og þar sem hún var bíllaus komst hún lítið að hitta þá. Henni þótti mjög gaman að rekast á samlanda sína og spjalla þegar tækifæri til þess gafst. Það gæti því verið að tengsl hennar við Íslendinga hafi verið meiri en hinna stúlkanna meðal annars vegna mismunandi tækifæra sem stúlkurnar höfðu. Þær sem höfðu tengst hópi erlends vinnuafls og gátu reglulega hitt fólk í sömu stöðu gerðu það og héldu sig að mestu leyti innan þess hóps. Hin sem ekki vissi af slíkum hópi kynntist annarri vinnustúlku sem reyndist vera íslensk.

Tilhneiging virðist vera til þess að erlent vinnufólk á sveitabæjum myndi félagsleg tengsl og vináttu við einstaklinga sem eru í svipaðri stöðu og það sjálft. Þá er fyrst og fremst um að ræða annað vinnufólk á sama bæ eða bæjum úr nágrenninu. Yfirleitt eru það aðrir erlendir ríkisborgarar sem fólkið binst vinaböndum en það er þó ekki algilt. Áhugi fólks á að kynnast Íslendingum virðist persónubundinn ef miðað er við viðmælendur þessarar rannsóknar. Enginn vafi leikur þó á því að óháð því hvort félagsleg tengsl eru mynduð við Íslendinga eða útlendinga þá eru þau viðmælendum mjög mikilvæg.

7. Umræður

Hér að framan hefur verið fjallað um erlent vinnufólk á íslenskum sveitabæjum. Markmið rannsóknarinnar var að fræðast um aðstæður og upplifun fólksins á dvölinni auk þess að vekja athygli á sérstöðu hópsins. Rannsóknarspurningarnar voru: *Hverjar eru aðstæður og upplifun erlends vinnufólks á íslenskum sveitabæjum?* og *Hvernig geta félagsráðgjafar komið að málefnum þeirra?*

Eftirfarandi kafli fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við fræðihluta ritgerðarinnar.

7.1 Um erlent vinnuafli á íslenskum sveitabæjum

Áberandi var við heimildaöflun rannsóknarinnar hve litlar fræðilegar heimildir eru til um þennan hóp og svo virðist sem lítil meðvitund sé um tilvist hans þar sem hvergi er gert sérstaklega ráð fyrir fólkinu í stefnumótun stjórnvalda né lögum.

Á miðri 20. öld fór Búnaðarfélag Íslands skipulega að vinna að því að flutt yrði inn erlent vinnuafli til að mæta manneklu í íslenskum landbúnaði. Rúmri hálfri öld síðar virðist töluvert um að bændur kjósi enn þann kost að ráða fólk til starfa erlendis frá sem sést vel á tölfræði Hagstofu Íslands (2006).

Fjöldi skráðra erlendra ríkisborgara í landbúnaði hefur farið hækkandi á árunum 1998-2005 og voru þeir komnir upp í sjö prósent af heildarfjölda skráðra í atvinnugreininni við lok þess tímabils (Hagstofan, 2006). Við þær tölur verður þó að gera þann fyrirvara að einhver hluti gæti verið innflytjendur. Ómögulegt er að segja til um raunverulegan fjölda erlends vinnufólks í íslenskum landbúnaði þar sem ekki hafa verið gerðar tilraunir til að meta þann fjölda sérstaklega sem vinnur óskráð í þeim geira. Benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að um töluverðan fjölda gæti verið að ræða þar sem annar atvinnurekandinn segir það fyrirkomulag algengara en hið löglega. Nánar tiltekið segist hann ekki vita betur en svo að allir sem hann þekki til hagi málum sínum þannig. Þess utan starfaði ein vinnustúlkan sem rætt var við svart og önnur sagðist þekkja til margra sem væru í slíkum aðstæðum.

Með tilliti til laga um atvinnuréttindi útlendinga og stefnu stjórnvalda um forgang EES-borgara að íslenskum vinnumarkaði (Lög um atvinnuréttindi útlendinga; Þingskjal 369, 1999-2000) má gera ráð fyrir því að óalgengt sé að íslenskir bændur ráði til sín vinnuafli utan EES-ríkjanna. Nær ómögulegt er að fá atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli fyrir útlending sem er ekki frá EES-löndunum og reynsla af kærum synjana í slíkum málum er öll á einn veg. Því er hægt að áætla að þeir erlendu farandverkamenn sem hér starfa í landbúnaði séu þegar EES-ríkja. Er það í takt við niðurstöður rannsóknarinnar um uppruna vinnufólks, bæði stúlkanna sem rætt var við og þess fólks sem bændurnir höfðu ráðið til sín gegnum árin. Allt var vinnufólkið frá Norður- og Mið-Evrópu sem telst til EES.

7.2 Vistráðning –aðdragandi og vinnumiðlun

Ástæður þess að íslenskir bændur ráða til sín erlent vinnuafli í bústörfin virðast vera að hentugt sé að hafa manneskju til taks þegar á þarf að halda og ekki síður þegar vinna er mismikil eftir aðstæðum í búi. Vinnufólk sem býr heima hjá atvinnuveitenda getur gengið í ýmis störf utan eiginlegra bústarfa og því verið verðmæt hjálp í heimilishaldi og tilfallandi verkefnum. Fæði og húsnæði eru innifalin í launum vinnufólksins og því hægt að greiða út hóflegri laun til þeirra en fólks sem einungis er ráðið í vinnu. Atvinnurekendurnir sem rætt var við í rannsókninni voru báðir úr fjölskyldum þar sem annað hjónanna var sjálft erlent að uppruna og var tilhneiging til að ráða fólk frá upprunalandi þess.

Vinnustúlkurnar sem rætt var við höfðu allar mismunandi hvata að baki komunnar til landsins. Ein hafði fyrst og fremst verið í atvinnuleit, önnur stefndi á frama í hestamennsku og sá hér tækifæri til að öðlast reynslu á því sviði og sú þriðja uppfyllti áralangan draum með komunni til Íslands.

Viðtölin leiddu í ljós misformlegar leiðir starfamiðlunar milli atvinnurekendanna og vinnufólksins. Notast var við vinnumiðlanir auk þess sem fólk auglýsti á Internetinu og í dagblöðum eða fékk vinnu gegnum kunningsskap. Einn viðmælenda þekkti til tilfella þar sem fólk hafði komið í gegnum vinnumiðlun en samt lent í því að skjöl þess væru ekki í lagi og það hvorki verið slysa- né sjúkratryggt. Það bendir til þess að það eitt að koma til landsins í

gegnum vinnumiðlun tryggi ekki nauðsynlega öryggi vinnufólks. Annar viðmælandi hafði sjálfur auglýst eftir vinnu á heimasíðu um Ísland (www.geysir.com) og fengið tilboð nánast samstundis. Þriðja stúlkan fékk vinnuna gegnum sameiginlegan kunningja.

7.3 Sjúkratryggingar

Eins og fram kom fyrr í ritverki þessu er sex mánaða biðtími inn í íslenska sjúkratryggingakerfið frá því að einstaklingur skráir lögheimili sitt hér á landi en geta einstaklingar sem flytjast frá EES-ríkjunum sótt um niðurfellingu biðtímans með E104 vottorði (Lög um sjúkratryggingar; Sjúkratryggingar Íslands, e.d.-a). Ríkisborgarar Norðurlandanna geta skráð sig á Íslandi án þess að sýna fram á framfærslu en EES-borgarar þurfa að votta um framfærslu sína eftir ákveðinn tíma (Þjóðskrá, e.d.-b). Af þessu leiðir að erlendur ríkisborgari Norðurlandanna getur komið til landsins, skráð lögheimili sitt og unnið svarta vinnu en samt komist inn í sjúkratryggingakerfið. EES-borgari utan Norðurlandanna þarf hins vegar eftir ákveðinn tíma að vísa fram framfærsluvottorði og gagnast honum svört vinna lítið í því samhengi. Því má segja að atvinnurekendum sé gert auðveldara um vik að ráða til sín Norðurlandabúa í svarta vinnu en aðra EES-borgara sé áhersla lögð á að sjúkratryggja vinnufólkið. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess þar sem sá atvinnurekandi sem réð fólk í svarta vinnu réð fólk frá Norðurlöndunum til að sleppa við vesen með leyfi og pappíra. Hins vegar gæti það einnig táknað að EES-borgarar utan Norðurlanda séu í meiri hættu á að vera ótryggðir og þar með í lakari stöðu.

Athyglisvert er að rannsóknin leiddi í ljós að hvorki atvinnuveitendur né launþegar virtust gera sér grein fyrir möguleikanum á að skila inn E104 vottorði til að sjúkratryggja verkafólkið um leið og það kæmi til landsins. Einn viðmælandi hafði staðið í miklu stappi við að tryggja vinnufólki sínu erlenda sjúkratryggingu fyrir fyrstu sex dvalarmánuðina en í raun ekki þurft þess. Annar viðmælandi hafði ekki spáð í sjúkratryggingamálum sínum. Bendir það til þess að mikilla úrbóta sé þörf í uppfræðslu um félagsleg réttindi erlendra farandverkamanna.

7.4 Vinnuaðstæður

Erlendar rannsóknir benda til þess að farandverkamenn séu í verri stöðu gagnvart atvinnurekendum sínum en heimamenn. Þeir eru líklegri til að fá lág laun, vera ótryggðir, búa við lélegar aðstæður og lítið félagslegt öryggi auk þess að verða fyrir fordómum og mismunun (Alþjóðavinnuáráð, 2010; Wong og Leung, 2008). Vísbendingar eru um að slíkt eigi einnig við á Íslandi.

Fjölmíðlaumfjöllun um vist stúlku í Breiðdalsvík árið 2005 ber vott um slíkt þar sem hún kveðst hafa fengið afar lág laun, verið látin vinna tvöfalt meira en samið var um, búsetuaðstæður hafi verið bágar og hún hræðst atvinnuveitanda sinn (Freyr Rögnvaldsson, 2008).

Rannsókn þessi leiddi í ljós að vinnufólkið sem rætt var við var almennt sátt við launin sín þótt því þættu þau ekki há. Einkennandi við störf vinnufólksins var að ætlast er til þess að það sé til taks þegar á þarf að halda og til hverra þeirra starfa sem þarf þá stundina. Að því leyti eru aðstæður erlends vinnufólks í landbúnaði frábrugðnar aðstæðum annars erlends vinnufólks sem ekki býr með atvinnuveitendum sínum. Það er ekki búið að vinna þegar það gengur út af vinnustaðnum. Tvær stúlkanna töldu sig vinna mikið og ein þeirra hafði unnið ein við hættulegar aðstæður. Annar atvinnurekandinn sagðist þekkja til þess að sumir létu vinnufólkið sitt vinna mjög mikið en taldi það sjálfur til illrar meðferðar. Hafði hann einnig eitt sinn ráðið stúlku í vist sem hafði flúið aðra vegna kynferðislegrar áreitni vinnuveitanda. Ein stúlkan og annar atvinnuveitandinn höguðu vistinni þannig að unnið var svart og því félagsleg réttindi verkafólksins eins og slysatryggingar, lífeyrisgreiðslur og aðild að verkalýðsfélagi fyrir borð borin. Þrátt fyrir það voru báðir atvinnuveitendurnir á því að það væri ábyrgðarhlutur að ráða til sín erlendan einstakling á heimilið.

Bendir þetta til þess að starfsaðstæður erlends farandverkafólks á íslenskum sveitabæjum séu ekki alltaf ákjósanlegar. Mikil vinna, lág laun, hættulegar aðstæður, svört vinna og kynferðisleg áreitni eru meðal áhættuþátta.

7.5 Samskipti við vistfjölskyldu

Þegar bændur ráða til sín erlent fólk í vist þá þýðir það að taka við ókunnugum einstaklingi inn á heimili sitt og bjóða honum að taka þátt í lífi fjölskyldunnar. Einstaklingurinn sem ræður sig í slíka vist tekur þá ákvörðun að halda einn í ókunnugt land, til fólks sem hann þekkir ekki og það án þess að tala tungumálið. Báðir aðilar eru því í raun að taka mikla áhættu og ekki er sjálfgefið að hlutirnir gangi upp.

Rannsóknin leiddi í ljós að miklu skipti fyrir vellíðan allra aðila að samskiptin milli vistfjölskyldu og vinnufólks gengju vel. Rannsóknin sýndi ekki fram á neina sérstaka erfiðleika í samskiptum þrátt fyrir hindranir vegna tungumála. Viðhorf til árekstra í mannlegum samskiptum var að þeir væru eðlilegir þar sem fólk varði mjög miklum tíma saman en það væri ekki til að hafa áhyggjur af. Vinnustúlkurnar upplifðu allar að þeim hefði verið tekið opnum örmum inn í vistfjölskyldur sínar og tengdu þá tilfinningu sterklega við góða líðan og sátt með fyrirkomulag vistarinnar. Athyglisvert er að mikil vinna og lág laun virtust ekki angra vinnufólkið ef samkomulagið við fjölskylduna var gott. Þrátt fyrir það kunnu allar stúlkurnar einnig vel að meta ef næði bauðst og voru afviknar vistarverur nefndar í því samhengi. Tvær stúlnanna nefndu að þeim þætti erfitt að meta hvort vistfjölskyldan vildi líka fá að vera í friði fyrir þeim á stundum. Sú mikla samvera óskylds fólks sem skapast við aðstæður vistráðningar virðist verða til þess að af og til þurfi báðir aðilar að fá frí hver frá öðrum og getur það talist eðlilegt. Gengu samskiptin að öllu jöfnu vel samkvæmt viðmælendum og var áberandi mikil væntumþykja í garð hins aðilans sem ekki er í hefðbundnu sambandi launþega og atvinnuveitanda. Báðir atvinnuveitendurnir höfðu lent í því að fá til sín erlent vinnufólk sem ekki passaði inn í fjölskylduna og þá virtist best að viðkomandi færi aftur.

7.6 Félagstengsl vinnufólks

Rannsóknir á aðstæðum farandverkamanna benda til þess að félagslegur stuðningur dragi úr svokallaðri búferlaflutningsstreitu meðal kvenna og hafi þar með jákvæð áhrif á geðheilsu þeirra (Wong og Leung, 2008). Sömuleiðis er talið

að félagsleg stuðningsnet hafi jákvæð áhrif á aðlögun farandverkamanna á vinnustað og að tengslamyndun við heimamenn sérstaklega hafi jákvæð áhrif á aðlögun í nýju landi (Choi og Choi, 2005). Rannsókn Péturs Eiríkssonar (2008) á þýsku landbúnaðarverkafólki á miðri 20. öld leiddi meðal annars í ljós að einangrunin sem fólst í vistinni lagðist illa í marga og að þýska vinnufólkið reyndi að halda tengslum við aðra vistráðna þjóðverja.

Erlendu vinnustúlkurnar í rannsókninni höfðu allar einhver félagstengsl við fólk utan vistfjölskyldunnar og mynduðu helst tengsl við fólk í svipaðri stöðu og þær sjálfar. Oftast var um að ræða annað vinnufólk á nálægum bæjum eða sama bæ og yfirleitt aðra erlenda ríkisborgara í tímabundinni vist. Þær sem kynntust erlendu vinnufólki í nágrenninu gerðu sér ekki sérstaklega far um að kynnast Íslendingum heldur héldu þær sig innan vinahóps fólks sem þær áttu sameiginlegar aðstæður með. Allar stúlkurnar voru í einhverjum samskiptum við samlanda sína á Íslandi. Vera má að þær hafi lagt litla áherslu á að tengjast íbúum landsins sérstaklega þar sem ekki stóð til að setjast hér að.

Stuðningur bænda við félagslíf vinnufólksins hafði mikið um það að segja hverjum það kynntist. Miðlun upplýsinga um annað vinnufólk og lán á bílum skipti þar miklu. Fólk sem ekki hafði aðgang að bíl komst ekki burt af bænum af sjálfsdáðum, enda sveitabæir töluvert einangraðir landfræðilega séð. Þá var gott að eiga vin á bíl sem gat náð í mann. Ein stúlkanna taldi að hún myndi eiga sér öflugra félagslíf ef hún hefði bíl til umráða og stefndi á að kaupa sér slíkan.

Rannsóknin leiddi í ljós að óháð því hvort nánustu tengslin voru fyrst og fremst mynduð við aðra útlendinga eða ekki þá voru félagslegu samskiptin vinnustúlkunum ákaflega mikilvæg. Hvert tækifæri sem gafst var notað til að hitta vinina og gera eitthvað með þeim, hvort sem var að bjóða heim eða kíkja út. Þær sem tengdust hópi annarra vistráðinna farandverkamanna voru mjög fegnar því að kynnast fólki í sömu sporum. Sú sem kynntist íslensku vinnufólki taldi erfitt að kynnast fólki vegna einangrunarinnar í sveitinni og var mjög þakklát fyrir að eiga sér eitthvað félagslíf en áður hafði hún haft mikla heimþrá.

7.7. Aðgerðir félagsráðgjafa út frá vistfræðilegu sjónarhorni

Aðkoma félagsráðgjafa að málefnum erlendra vistráðinna farandverkamanna getur verið margvísleg. Hér verður möguleg aðkoma félagsráðgjafa greind út frá kerfum vistfræðinnar á míkro, mesó og makró sviði.

7.7.1 *Míkro*. Vinna félagsráðgjafa á míkro stigi er vinna með einstaklingum sem beinir sjónum þeim sjálfum í lausn ákveðins vanda. Horft er til sálrænna, félagslegra og líffræðilegra þátta sem einstaklingur býr yfir og unnið út frá því (Farley, Smith og Boyle, 2006). Vinna félagsráðgjafans með erlendu verkafólki á míkro stigi tekur til einstaklingsbundinna þátta á borð við vanda í aðlögun að nýjum aðstæðum, tungumálaörðugleikum og menningarárekstrum auk félagslegrar einangrunar.

Rannsóknir benda til þess að farandverkamenn eigi á hættu á að lenda í félagslegri einangrun (Choi og Choi, 2005; Wong og Leung, 2008). Sú hættu stafar af skorti á tengslanetum í nýju og ókunnugu landi (Wong og Leung, 2008). Skortur á tíma og tækifærum til að mynda ný félagstengsl getur svo enn ýtt undir einangrun farandverkafólks. Hlutverk félagsráðgjafans í því samhengi er að efla og styðja við félagslega virkni einstaklingsins. Meðal þess sem félagsráðgjafi getur í því skyni gert er að þjóna sem upplýsingaveita og tengiliður inn í íslenskt samfélag. Félagráðgjafinn ætti að stuðla að og hvetja til þátttöku erlends vinnuafns í tungumálanámskeiðum til að auðvelda tengslamyndun þess við heimamenn og þar með að sporna við félagslegri einangrun þess.

Einnig heyrir undir míkro stigi vinna með einstaklingum sem orðið hafa fyrir einelti, kynferðislegu ofbeldi, misnotkun og þess háttar slæmri reynslu. Þá er það hlutverk félagsráðgjafans að tryggja öryggi viðkomandi og sjá til þess að einstaklingurinn fái viðeigandi aðstoð. Erlent vinnufólk í landbúnaði býr ekki að örygginu sem felst í félagslegu tengslaneti, er mjög háð atvinnuveitendum sínum og þar með í viðkvæmri stöðu gagnvart misnotkun. Því er mjög mikilvægt að huga sérstaklega að vernd þeirra og styðja vel við bakið á einstaklingum sem verða fyrir slíku.

7.7.2 *Mesó.* Smærri hópar á borð við fjölskyldu, vinarhóp og vinnufélaga telja til mesó kerfa. Vinna félagsráðgjafans á mesó sviði felst til dæmis í að vinna að lausn samskiptavanda við vistfjölskyldu eða við aðra vinnufélaga. Einnig getur félagsráðgjafi unnið hópavinnu með erlendu vinnufólki í því skyni að tengja það saman og virkja þannig gagnkvæman stuðning þess á milli.

Stuðla ætti að myndun og viðhaldi sérstaks félags- og stuðningsnets meðal erlends vinnufólks sem býr í sveitum landsins þar sem rannsóknir benda til jákvæðra áhrifa félagslegs stuðnings á geðheilsu farandverkafólks (Wong og Leung, 2008) og niðurstöður þessarar rannsóknar benda einnig til mikilvægi félagstengsla meðal erlends vinnufólks á sveitabæjum. Slíkt stuðningsnet þyrfti að vera þess eðlis að það næði til sem flestra og væri skynsamlegt að eiga í því skyni samstarf við vinnumiðlanir, bændasamtök og verkalýðsfélög. Huga þyrfti sérstaklega að því að ná einnig til þeirra einstaklinga sem stunda svarta vinnu. Gæti vinnufólkið þá veitt hvert öðru félagslegan stuðning auk þess sem netið myndi þjóna sem upplýsingaveita þeirra í milli. Tengja ætti við netið sérstakan hagsmunaaðila vinnufólksins sem myndi vera innan handar ef spurningar vakna varðandi réttindi fólksins. Binda þyrfti þannig um hnútana að fólk sem til hans leitaði þyrfti ekki að óttast brottvísun úr landi vegna upplýsinga sem honum yrði trúað fyrir samanber þagnarskyldu félagsráðgjafa (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Slíkt net myndi því stuðla að félagslegri velferð erlends vinnufólks í landbúnaði sem einnig er í takt við markmið félagsráðgjafar.

7.7.3 *Makró.* Makró kerfi eru stærstu kerfin í vistfræðikenningum og eru samfélög, samtök, menning og stofnanir dæmi um þau (Farley, Smith og Boyle, 2006). Félagsráðgjafi sem vinnur að hagsmunum erlends vinnufólks í sveitum landsins á makró sviði getur meðal annars unnið í alþjóðlegum hagsmunasamtökum farandverkamanna, verkalýðsfélögum, hjá mannréttindasamtökum og hjálparstofnunum við að þrýsta á stefnubreytingar stjórnvalda. Auk þess geta félagsráðgjafar unnið hjá ríki og sveitarfélögum við að auðvelda verkferla stofnana fyrir viðskiptavinum, almenna fræðslu og veitingu upplýsinga og almenna aðlögun kerfa að þörfum þessa hóps. Til að geta unnið

að úrbótum fyrir þennan hóp þarf að vekja athygli stofnana og stjórnvalda á tilvist hópsins og sérstöðu hans þar sem mikill skortur virðist vera á slíkri vitund.

Tryggja ætti að allir farandverkamenn sem koma til landsins fái við komuna upplýsingar um réttindi sín og skyldur hérlandis með sérstöku tilliti til atvinnulífs, skráningu inn í landið og tryggingamála. Fela ætti ákveðinni stofnun eða hagsmunasamtökum hlutverk upplýsingamiðstöðvar þar sem fólk gæti tiltölulega fyrirhafnalaust og sér að kostnaðarlausu fengið frekari upplýsingar á nokkrum tungumálum. Sömuleiðis væri gagnlegt að gera aðgengilegar og auðfundnar upplýsingar á erlendri tungu um íslenska siði og venjur til að auka skilning á menningu Íslendinga þar sem viðmælendur nefndu að stundum væri erfitt að átta sig á venjum vistfjölskyldunnar. Upplýsingunum væri til dæmis hægt að dreifa í bæklingum með Bændablaðinu, inn á félagsþjónustu sveitafélaga og með umsóknareyðublöðum hjá Útlendingastofnun og skráningarblöðum hjá Þjóðskrá. Einnig ætti setja þessar sömu upplýsingar á allar helstu netsíður sem koma að málefnum innflytjenda á Íslandi.

Meðal verðugra verkefna á makró sviði er að sporna sérstaklega við ráðningu erlendra farandverkamanna í svarta vinnu bæði vegna neikvæðra áhrifa svartrar vinnu á samfélagið í heild sinni og vegna þess að erlendir farandverkamenn eru varnarlausari gagnvart misnotkun af hálfu atvinnuveitenda sinna en innlent vinnuafli. Það verkefni væri til dæmis hægt að nálgast með fræðsluátaki meðal bænda um réttindi og skyldur í tengslum við vistráðningu útlendinga. Enn fremur bentu rannsóknarniðurstöður til þess að bæði bændur og verkafólk væri illa upplýst varðandi möguleika á sjúkratryggingum fyrir vistráðna fyrstu sex mánuði dvalar og samrýmist fræðsla um slíkt frumskyldum félagsráðgjafa (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Þá fræðsla þyrfti að útfæra á þann veg að farandverkamenn gerðu sér grein fyrir möguleikanum á niðurfellingu biðtíma inn í sjúkratryggingakerfið áður en þeir kæmu til landsins svo hægt sé að hafa með E104-vottorð frá heimalandi. Ennfremur ætti að rannsaka nánar umfang svartrar vinnu vistráðinna útlendinga og áhrif hennar á velferð hópsins.

Rannsakandi telur að miðað við rannsóknarniðurstöður ætti áhersla félagsráðgjafar fyrst og fremst að vera á mesó og makró stigi þar sem mestur

árangur gæti náðst fyrir samfélagshópin í heild sinni með þess konar vinnu.
Standa þar upp úr uppbygging tengslanets til að stuðla að félagslegum stuðningi
meðal fólksins og fræðsluáttak varðandi svarta vinnu og tryggingamál.

8. Lokaorð

Undanfarin ritgerð hefur fjallað um aðstæður erlends vinnufólks á íslenskum sveitabæjum. Um er að ræða hóp innan flokks farandverkamanna sem er í þeirri sérstöku stöðu að búa hjá atvinnuveitendum sínum og vera að miklu leyti upp á þá kominn, meðal annars vegna landfræðilegrar einangrunar og skorts á tengslanetum. Fólkið kemur með það í huga að dveljast og starfa í landbúnaði hérlendis meðal ókunnugra í ákveðinn tíma en halda síðan aftur til síns heimalands. Rannsóknarspurningarnar voru *Hverjar eru aðstæður og upplifun erlends vinnufólks á íslenskum sveitabæjum?* og *Hvernig geta félagsráðgjafar komið að málefnum þeirra?*

Um miðja 20. öld hófst skipulagður innflutningur erlends landbúnaðarverkafólks þegar Búnaðarsamband Íslands beitti sér fyrir ráðningu á fjórða hundrað þjóðverja til landsins vegna manneklu í sveitum landsins (Pétur Eiríksson, 2008). Árið 2005 voru samkvæmt staðgreiðsluskráum um það bil 270 erlendir ríkisborgarar skráðir við landbúnaðarstörf á Íslandi eða um 7% heildarfjölda skráðra í þeirri atvinnugrein (Hagstofan, 2006). Er það rúmlega tvöföldun frá því sjö árum áður. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda sterklega til þess að einnig sé um að ræða töluverðan fjölda erlends vinnuafls sem starfar óskráð í landbúnaði og raunverulegur fjöldi erlends vinnufólks í landbúnaði sé þess vegna meiri.

Niðurstöður rannsóknar á vegum Alþjóðavinnuáráðs (2010) benda til þess að farandverkamenn séu í hættu á að sinna hættulegum og illa launuðum störfum, búa við skort á félagslegu öryggi á borð við sjúkratryggingar og verða fyrir mismunum og fordómum í sinn garð. Asískar rannsóknir á aðstæðum farandverkamanna benda einnig til bágra aðstæðna farandverkamanna og leggja áherslu á mikilvægi félagstengsla til að stuðla að geðheilsu og aðlögun fólksins (Choi og Choi, 2005; Wong og Leung, 2008). Fjölmíðlaumfjöllun og sögur viðmælenda af öðru fólki benda til þess að farandverkafólk á Íslandi geti einnig átt á hættu illa meðferða af hendi atvinnuveitenda sinna á borð við of mikla vinnu og of lág laun. Þá kom í ljós að vinnuaðstæður gátu verið hættulegar og nokkur dæmi voru um svarta vinnu.

Rannsókn þessi bendir til þess að góð samskipti við vistfjölskylduna sjálfa séu öllum aðilum í hag og hafi mikið um almenna ánægju með vistráðninguna að segja. Auk þess séu félagstengsl við aðila í sambærilegri stöðu vinnufólki ákaflega mikilvæg upp á andlega vellíðan að gera sem styður við niðurstöður ofangreindra rannsókna um mikilvægi félagslegra tengsla fyrir geðheilsu og aðlögun farandverkamanna. Er stuðningur atvinnuveitenda mikilvægur í því samhengi vegna landfræðilegrar einangrunar sveitabýla.

Lagalegt umhverfi á Íslandi (Lög um atvinnuréttindi útlendinga) og niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nær ómögulegt sé að vistráða í landbúnað útlending sem ekki er frá EES-ríki. Sérstaklega auðvelt sé að ráða fólk frá Norðurlöndunum þótt einnig sé vel mögulegt að ráða aðra EES-borgara. Helstu leiðir til vistráðningar útlendinga eru gegnum vinnumiðlanir, auglýsingar og kunningssskap fólks.

Sjúkratryggingar vinnufólks vöktu athygli í rannsókninni. Lög um sjúkratryggingar kveða á um að þegar fólk flyst til Íslands tekur það hálf tveggja ár fyrir það að komast inn í íslenska sjúkratryggingakerfið og teljast þar með tryggt. Þó er það svo að allir sem flytjast til Íslands frá ríkjum EES geta sótt um niðurfellingu þessa biðtíma og því í raun fengið beinan aðgang að tryggingakerfinu. Þar sem erlent farandverkafólk í íslenskum landbúnaði er að öllu jöfnu frá þessum ríkjum ætti því í raun að vera mögulegt að sjúkratryggja fólkið frá fyrsta degi. Hvorki vistráðnum né atvinnurekendum virtist kunnugt um þennan möguleika. Aðkoma vinnufólksins sem starfar óskráð að sjúkratryggingum er í raun tvískipt. Annars vegar eru Norðurlandabúar sem geta skráð veru sína á Íslandi án þess að votta um framfærslu sína og hins vegar aðrir EES-þegnar sem þurfa að votta framfærslu (Lög um útlendinga). Því má halda því fram að Norðurlandabúar sem starfa við svarta vinnu á Íslandi geti á sama tíma verið sjúkratryggðir en það á alla jafna ekki við um aðra farandverkamenn.

Vistráðnir farandverkamenn í landbúnaði eru hópur fólks sem býr við sérstakar aðstæður og er í viðkvæmri stöðu gagnvart atvinnuveitendum sínum. Hópurinn er ósýnilegur samfélaginu þar sem hvergi virðist gert ráð fyrir honum og er almennt lítil meðvitund um hann. Hér er það hlutverk félagsráðgjafa að vekja athygli á tilvist þessa jaðarhóps og vinna að bættri stöðu hans.

Aðkoma félagsráðgjafa að málefnum farandverkafólks í sveit getur farið fram á þremur stigum; míkro, mesó og makró stigi. Það er mat rannsakandans að sérstaklega sé þörf á vinnu á mesó og makró stigi til að ná fram árangri fyrir sem flesta. Áherslu ætti að leggja á uppbyggingu tengslanets milli erlends verkafólks í sveitum til að stuðla að gagnkvæmum stuðningi þess og andlegri velferð auk þess sem þörf er á fræðsluáttaki í landbúnaði til að sporna gegn ráðningu fólks í svarta vinnu og stuðla að því að verkafólkið fái notið þeirra félagslegu réttinda og verndar sem því ber. Ennfremur ætti að rannsaka nánar umfang svartrar vinnu meðal erlendra vistráðinna ríkisborgara.

Vinnufólkið sem rætt var við í rannsókninni var í heildina mjög ánægt með vistina og átti í góðum samskiptum við atvinnuveitendur sína og fjölskyldur þeirra.

Anna Ingibjörg Opp

Heimildir

60 ár frá komu þýsks landbúnaðarverkafólks. (2009, 5. nóvember) *Bændablaðið*. Bls. 11.

Alþjóðavinnuálastofnun (2010). ILO study focuses new attention on adopting a „rights-based approach“ to meet the needs of the worlds 105 million migrant workers. Sótt 1. apríl 2010 af http://www.ilo.org/global/About_the_ILO/Media_and_public_information/Press_releases/lang--en/WCMS_125324/index.htm.

Alþýðusamband Íslands. (e.d.). *Vinnuréttur*. Sótt 25. febrúar 2010 af <http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-5/>.

Choi, J. S. og Choi, S. (2005). Social work intervention with migrant workers in South Korea: Micro and Macro approaches [rafræn útgáfa]. *International social work*, 48, 655-665.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. (e.d.) Þjóðskrá. Sótt 20. apríl 2010 af <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/skipulag/Thjodskra/>.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.

EURES. (e.d.-a). *Um EURES*. Sótt 25. febrúar 2010 af <http://www.eures.is/um-eures/>.

EURES. (e.d.-b). *Auðveldasta aðferðin til að nálgast upplýsingar um atvinnutækifæri og námsmöguleika hvarvetna í Evrópu*. Sótt 25. febrúar 2010 af <http://ec.europa.eu/eures/home.jsp?lang=is>.

Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2007, október). *Synjun Vinnuálastofnunar frá 27. apríl 2007 staðfest*. Sótt 23. febrúar 2010 af <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/Atvinnuleyfi/nr/2709>.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (e.d.). *Atvinnuleyfi til útlendinga*. Sótt 23. febrúar 2010 af <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/Atvinnuleyfi/>.

Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 6. apríl 2010 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.

Fjármálaráðuneytið. (2004, Desember). *Skýrsla starfshóps um umfang skattsvika*. Sótt 26. febrúar 2010 af http://www.skattrann.is/skjol/skyrsla_skattsvik.pdf.

- Fjölmenningarsetur. (e.d.-c). *Breyttar verklagsreglur vegna komu EES-borgara til landsins*. Sótt 26. mars 2010 af <http://www.mcc.is/islenska/innan-ees>.
- Fjölmenningarsetur. (e.d.-a). *Sjúkratryggingar – ríkisborgarar utan EES*. Sótt 8. mars 2010 af <http://www.mcc.is/heilsa/sjukratryggingar/nr/289>.
- Fjölmenningarsetur. (e.d.-b). *Svört vinna*. Sótt 8. mars 2010 af <http://www.mcc.is/vinna/svort-vinna/>.
- Freyr Rögnvaldsson. (2008, 4. september). Líkir dvölinni við fangelsisvist. *24 stundir*, bls. 2.
- Hagstofa Íslands. (2006, september). *Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum, ríkisfangi, kyni og landsvæðum 1998-2005*. sótt 25. febrúar 2010 af <http://hagstofa.is/?PageID=637&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN03101%26ti=Fj%F6ldi+starfandi+eftir+atvinnugreinum%2C+r%EDkisfangi%2C+kyni+og+landsv%E6%F0um+1998%2D2005%26path=../Database/vinumarkadur/sarfandi/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>.
- Hartman, A. (1991). Social worker-in-situation [rafræn útgáfa]. *Social work*, 36, 195-196.
- Jón Gunnar Bernburg. (2005, nóvember). Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda? *Vísindavefurinn*. Sótt 2. mars 2010 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5420>.
- Lög um almannatryggingar nr.100/2007 með áorðnum breytingum 105/2007, 160/2007, 17/2008, 57/2008, 112/2008, 155/2008, 173/2008, 55/2009, 70/2009, 97/2009, 120/2009 og 136/2009.
- Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 með áorðnum breytingum 84/2003, 19/2004, 139/2005, 21/2006, 108/2006, 106/2007, 78/2008 og 154/2008.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 77/2000 með áorðnum breytingum 90/2001, 30/2002, 81/2002, 46/2003, 72/2003 og 50/2006.
- Lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008 með áorðnum breytingum 173/2008, 55/2009, 121/2009 og 131/2009.
- Lög um útlendinga nr. 96/2002 með áorðnum breytingum 27/2003, 20/2004, 106/2007, 86/2008 og 154/2008.
- Magnús M. Norðdahl (2006, febrúar). *Slysa- og sjúkratryggingar erlendra starfsmanna á Íslandi*. Sótt 20. apríl 2010 af http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/gamli_vefur/Slysa_sjukratrygging_erlendra_starfsmanna.pdf.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Réttindi farandverkafólks*. Sótt 23. mars 2010 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/farandverkafolk/>.


- Neuman, W. L. (2006). *Social research methods: qualitative and quantitative approaches* (6. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Nínukot. (e.d.). *Would you like to work in Iceland?* Sótt 25. febrúar 2010 af <http://ninukot.is/index.php?id=266>.
- Pétur Eiríksson. (2008). *Þýska landnámið*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Ragin, C. C. (1994). *Constructing social research: the unity and diversity of method*. Thousand Oaks: Pine forge press.
- Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003.
- Sameinuðu þjóðirnar. (1990). *Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of their Families*. Sótt 28. febrúar 2010 af <http://www.un.org/documents/ga/res/45/a45r158.htm>.
- Samtök iðnaðarins. (e.d.). Umfang svartrar atvinnustarfssemi. Sótt 25. febrúar 2010 af <http://www.si.is/svort-vinna/umfang-svartrar-atvinnu/>.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sjúkratryggingar Íslands. (e.d.-a). *Erlendir starfsmenn á Íslandi*. Sótt 24. febrúar 2010 af <http://www.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/rettindi-milli-landa/flutningur-milli-landa/erlendir-starfsmenn-a-islandi/>.
- Sjúkratryggingar Íslands. (e.d.-b). *Hverjir eru sjúkratryggðir?* Sótt 24. febrúar 2010 af <http://www.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/hverjir-eru-sjukratryggdir/>.
- Stimpingar á skrifstofu AFLS. (2008, september). *Morgunblaðið*. Sótt 21. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/09/01/stimpingar_a_skrifstofu_afls/.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: a guidebook and resource* (3. útgáfa). New York: Wiley.
- Vinnumálastofnun. (2006, september). *Skýrsla Vinnumálastofnunar um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði árið 2005*. sótt 23. febrúar 2010 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/Atvinnuleyfi%20%C3%BAtlendinga%202005-sk%C3%BDrsla_212734199.pdf.
- Útlendingastofnun. (e.d.-a). *Dvalar- og atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli*. Sótt 23. febrúar 2010 af <http://www.utl.is/leyfi/utan-ees/atvogdvl/skorturavinnuafli/>.

- Útlendingastofnun. (e.d.-b). *EES útlendingur og aðstandendur hans sem eru ríkisborgarar ríkja utan EES*. Sótt 24. febrúar 2010 af <http://www.utl.is/leyfi/ees/>.
- Útlendingastofnun. (e.d.-c). *Útgefin leyfi eftir tegundum 2004-2007*. Sótt 24. febrúar 2010 af <http://www.utl.is/frodleikur-og-frettir/tolulegar-upplýsingar/nr/155>.
- Þingskjal 369. (1999-2000). Tillaga til þingsályktunar um málefni innflytjenda. *Alþingistíðindi A-deild*, Sótt 26. febrúar 2010 af <http://www.althingi.is/altext/125/s/0369.html>.
- Þingskjal 140. (6. febrúar 1980). Tillaga til þingsályktunar um málefni farandverkafólks. *Alþingistíðindi A-deild*, Sótt 14. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=102&mnr=92>.
- Þjóðskrá. (e.d.-b). *Réttur útlendinga sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamning EFTA (EFTA-útlendingur) til dvalar á Íslandi lengur en 3 mánuði að fullnægðum ákveðnum skilyrðum*. Sótt 24. febrúar 2010 af http://www.thjodskra.is/media/eydublod/Rettur_EES_utl_isl.pdf.
- Þjóðskrá. (e.d.-a). *Skráning EES- eða EFTA útlendinga hjá Þjóðskrá*. Sótt 24. febrúar 2010 af http://www.thjodskra.is/media/eydublod/Skraning_EES_borgara.pdf.
- Þjóðskrá. (e.d.-c). *Beiðni um skráningu og úthlutun kennitölu til erlends ríkisborgara*. Sótt 13. apríl af http://www.thjodskra.is/media/eydublod/kennitala_erlendra.pdf.
- Wong, D. F. og Leung, G. (2008). The functions of social support in the mental health of male and female migrant workers in China [rafræn útgáfa]. *Health and social work*, 33, 275-285.

Fylgiskjöl

Viðauki A

Útgefin leyfi eftir tegundum 2004-2007



Tegundir dvalarleyfa:

- A. Dvalarleyfi án atvinnuþátttöku
- B. Dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku
- C. Dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku
- D. Óendurnýjanlegt dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku
- E. Dvalarleyfi fyrir aðstandendur skv. 13. gr. útlendingalaga
- F. Dvalarleyfi vegna námsdvalar
- G. Dvalarleyfi vegna vistráðningar
- H. Dvalarleyfi af mannúðarástæðum skv. 2. mgr. 11. gr. útlendingalaga
- I. Dvalarleyfi skv. 11. gr./3mgr.
- J. Dvalarleyfi til EFTA eða EES útlendinga
- K. Búsetuleyfi

Útlendingastofnun (e.d.-c).

Viðauki B

Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum, ríkisfangi, kyni og landsvæðum 1998-2005

	Alls								Karlur								Konur								
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
Landbúnaður (A)																									
Alls																									
Allt landið	4.480	4.500	4.370	4.380	4.420	4.230	4.010	4.020	3.380	3.280	3.160	3.130	3.110	2.950	2.800	2.770	1.100	1.210	1.210	1.240	1.310	1.290	1.200	1.250	
Höfuðborgarsvæði	460	450	450	450	540	500	440	500	320	310	320	330	390	360	330	360	140	140	130	120	150	140	110	150	
Utan höfuðborgarsvæðis	3.970	3.970	3.840	3.860	3.830	3.670	3.510	3.490	3.040	2.950	2.820	2.770	2.700	2.560	2.450	2.410	930	1.030	1.030	1.090	1.120	1.110	1.060	1.090	
Vesturland	540	540	530	510	500	490	480	460	430	420	400	390	380	360	350	330	110	120	130	120	130	130	130	140	
Vestfirðir	220	210	200	210	200	210	200	200	180	170	170	180	170	160	150	140	30	30	30	30	30	50	50	50	
Norðurland vestra	620	610	580	570	550	540	540	560	470	450	430	410	400	370	380	380	150	160	150	150	160	170	160	180	
Norðurland eystra	820	840	820	840	810	720	700	680	600	580	550	570	540	490	470	470	220	260	260	270	270	240	220	210	
Austurland	470	460	430	440	430	410	400	390	360	350	330	320	310	300	280	270	110	120	110	120	120	110	120	120	
Suðurland	1.270	1.270	1.240	1.230	1.260	1.200	1.120	1.120	970	940	900	860	860	810	760	750	300	330	340	370	400	390	360	380	
Suðurnes	40	50	50	60	70	100	90	90	30	40	40	40	50	80	70	70	10	10	10	20	20	30	20	20	
Utan skrár	50	70	80	60	60	60	60	20	20	30	30	20	20	20	20	10	30	50	50	40	40	40	40	10	
Erlent ríkisfang																									
Allt landið	140	180	220	240	280	250	230	270	60	70	80	100	120	110	90	120	80	110	140	140	160	140	140	150	
Höfuðborgarsvæði	20	20	20	30	50	40	30	40	10	10	10	20	40	30	20	30	10	10	10	10	20	20	10	10	
Utan höfuðborgarsvæðis	80	90	130	160	180	160	150	210	30	30	40	60	70	60	50	90	50	60	80	100	110	90	90	130	
Vesturland	10	10	20	20	20	20	20	30	0	0	0	10	10	10	10	20	10	10	10	10	10	10	10	10	
Vestfirðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Norðurland vestra	10	10	10	20	20	10	20	30	0	0	10	10	10	10	10	10	10	0	10	10	10	10	10	20	
Norðurland eystra	10	10	10	20	20	20	10	20	10	10	10	10	10	10	10	10	0	10	10	10	10	10	10	10	
Austurland	0	0	0	10	10	10	10	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	10	10	10	10	
Suðurland	50	50	70	90	100	90	80	120	20	20	20	30	40	30	30	50	30	40	50	60	60	60	60	70	
Suðurnes	0	0	0	0	10	10	10	0	0	0	0	0	0	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Utan skrár	40	70	70	60	50	50	50	10	20	20	20	20	20	20	20	0	30	40	50	40	30	30	30	10	

Hagstofa Íslands (2006).

